

Verkalýðsfélag Akraness 100 ára – Afmælisrit © VLFA 2024

Ljósmyndir: Ljósmyndasafn Akraness og úr safni
Mynd á forsíðu: Málverk í eigu félagsins eftir Bjarna Þór
Texti og samantekt: Dagbjört Guðmundsdóttir
Umbrot: Arndís Lilja Guðmundsdóttir
Prentun: Litlaprent

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða
í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

VLFA – Akranes – 2024
www.vlfa.is


VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS
100 ÁRA

AFMÆLISRIT



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

100
ÁRA



1924-2024



Kæru félagar Verkalýðsfélags Akraness

Ég vil byrja á að óska okkur öllum innilega til hamingju með hundrað ára afmæli félagsins. Á þessum merku tímamótum er margt að minnast og það er ekki hægt annað en að byrja á því að þakka frumkvöðlunum sem stofnuðu félagið. Á þeim tíma voru launakjör, réttindi og lífsskilyrði með allt öðrum hætti en við þekkjum í dag. Það fólk sem tók þátt í að stofna félagið var hert í miskunnarlausri baráttu fyrir lífshagsmunum sínum og heimila sinna. Þetta voru menn sem sóttu sjóinn á litlum vélbátum og sumir á opnum árabátum, verkamenn sem unnu langan vinnudag og kona sú, sem getið er í fundargerð stofnfundar VLFA, vann við fiskþvott, en slíkt starf var að mestu unnið í óupphituðu húsnæði og stundum undir beru lofti.

Það er engum vafa undirorpið að mikilvægi Verkalýðsfélags Akraness þessi 100 ár hefur verið gríðarlegt enda hefur félagið ætíð látið mikið til sín taka í réttindabaráttu launafólks á hinum íslenska vinnumarkaði. Það er hollt og fróðlegt fyrir okkur í dag að hugsa til baka til dagsins 14. október 1924 þegar félagið var stofnað og skoða öll þau réttindi sem hafa áunnist íslensku verkafólki til hagsbóta síðan þá. Réttindi sem við teljum sjálfsögð í dag en þetta eru réttindi sem áunnist hafa með þrautseigju, krafti og dugnaði frumkvöðlanna.

Hlutverk félagsins hefur ekki bara verið að semja um kaup og kjör heldur líka að verja áður umsamin réttindi félagsmanna. Enda skiptir miklu máli að vera aðili að öflugu stéttar-

félagi þegar sótt er að réttindum og launakjörum. „Leikurinn“ á milli atvinnurekenda og launafólks getur verið afar ójafn þegar kemur að kjarasamningsbrotum. Sem betur fer er langstærsti hluti atvinnurekenda heiðarlegur en því miður eru inn á milli einstaka atvinnurekendur sem víla ekki fyrir sér að fótumtroða réttindi sinna starfsmanna. Það er stefna Verkalýðsfélags Akraness að verja þau réttindi með kjafti og klóm og er ekki horft í aura og krónur við það verkefni.

Annað mikilvægt hlutverk stéttarféлага er að verja atvinnuréttindi sinna félagsmanna og það hlutverk hefur Verkalýðsfélag Akraness ætíð tekið alvarlega. Ekkert sveitarfélag þrífst án þess að hafa sterkar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar innan sinna bæjarmarka. Það er morgunljóst að eitt af stóru verkefnum næstu ára er að efla atvinnulífið á Akranesi en hart hefur verið sótt að því undanfarið. Hér verða bæjaryfirvöld og Verkalýðsfélag Akraness að taka höndum saman um að efla atvinnumöguleika innan okkar bæjarmarka, það er lífsnauðsynlegt.

Í dag er Verkalýðsfélag Akraness afar sterkt bæði félagslega sem fjárhagslega og það er stefna stjórnar félagsins að reyna ætíð að veita félagsmönnum eins góða þjónustu og kostur er. Einnig er það stefna stjórnar VLFA að vera í fremstu röð á meðal stéttarféлага á íslenskum vinnumarkaði þegar kemur að réttindum og styrkjum úr sjúkrasjóði félagsins. Þá hefur orlofsstjórn VLFA lagt sig í líma við að auka og bæta orlofskosti fyrir sína félagsmenn á liðnum áratugum.

Munum, kæru félagsmenn, að ekkert stéttarfélag getur þrífist án samstöðunnar. Án hennar næst ekki árangur í baráttunni fyrir bættum réttindum og kjörum launafólks og við í VLFA erum afar þakklát fyrir að aldrei hefur skort samstöðu þegar á reynir.

Enn og aftur innilega til hamingju með 100 ára afmæli Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

Formenn Verkalýðsfélags Akraness frá upphafi



Sæmundur
Friðriksson
1924-1925



Sveinbjörn
Oddsson
1925-1937



Hálf dán
Sveinsson
1937-1961




Guðmundur
Kristinn
Ólafsson
1961-1966



Skúli
Þórðarson
1966-1981



Agnar
Jónsson
1981-1986




Guðmundur
Magnús
Jónsson
1986-1989



Hervar
Gunnarsson
1989-2003



Vilhjálmur
Elías
Birgisson
2003-



Yfirlitsmynd af Akranesi á þriðja áratug tuttugustu aldar.

Á stofnári félagsins

Árið 1924 bjuggu á Akranesi tæplega 1.100 íbúar¹ og afkoma flestra fjölskyldna þar tengdist hafinu og afurðum þess á beinan eða óbeinan hátt eða almennri verkamannavinnu og ræktun. Þorpið var í stöðugri uppbyggingu og íbúum fjölgaði jafnt og þétt en alls voru um 175 hús í bænum. Í umfjöllun um heilbrigðismál á Akranesi frá árinu 1924 má meðal annars sjá að heilsufar var almennt gott og mikil rækt var á Akranesi en Skagamenn voru einmitt þekktir fyrir mikla kartöflurækt. Um þetta leyti var árleg uppskera þeirra á þriðja þúsund tunnur af kartöflum.² Flestir íbúar á Akranesi á þessum tíma eru sagðir hafa átt húsið sitt og garð eða tún aukreitis og voru húsin dæmigerð fyrir hús í kaupstöðum þessa tíma en nýlega var risið stórt hús í bænum, Kirkjuvoll, sem sr. Þorsteinn Briem byggði. Þótti það hús merkilegt að mörgu leyti en

það var með miðstöðvarhitun, tvöfalda steypuveggi og allir gluggar voru tvöfaldir.³

Vaxandi bæjarfélag og tækniframfarir kölluðu á fjölbreyttara atvinnulíf og þar myndaðist aukin þörf fyrir öruggt umhverfi þar sem hægt væri að tryggja og standa vörð um ýmis réttindi.

Helsta samkomuhús bæjarbúa var Bárúhúsið sem var reist af sjómönnum í þorpínu árið 1906. Bárúhúsið var meðal annars nýtt til að halda ýmsa viðburði og jafnframt var þar oft veitingasala. Á þessum tíma voru ungmennafélög mjög virk og sumarið 1924 kom norskt ungmennafélag í heimsókn til Íslands á vegum Ungmennasambands Kjalarnesþings. Var ferðast um landið með gestina og komið til Akraness þann 29. júní. Þar var haldinn samfundur allra ungmennafélag-

anna og meðal annars gengið í skróðgöngu frá Báruhúsinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá skróðgönguna en fremstur er fánaberinn Oddur Sveinsson, oft nefndur Oddur í Brú. Rúmum þremur mánuðum síðar var Verkalýðsfélag Akraness stofnað í Báruhúsinu og félagsmaður nr. 1 var einmitt Oddur Sveinsson svo þessi mynd sýnir bæði húsnaðið og fyrsta félagsmanninn um það leyti sem félagið varð til. Oddur varð

seinna þekktur fyrir fréttir sínar frá Akranesi en hann var fréttaritari Morgunblaðsins og sagði svo skemmtilega frá að sá sem las gat séð atburðinn fyrir sér ljóslifandi. Hann var mjög virkur í öllu félagsstarfi og einn af hvatamönnum þess að félagið yrði stofnað. Lengi bjó hann í Brú, Kirkjubraut 24, þar sem hann rak verslun á neðri hæðinni.



Gengið í skróðgöngu frá Báruhúsinu, fremstur fer Oddur Sveinsson.

Stofnun félagsins

Fyrsti vísir að stofnun Verkalýðsfélags Akraness var undirbúningsfundur sem haldinn var í Báruhúsinu fimmtudagskvöldið 9. október 1924. Þar komu saman sjómenn og verkamenn og í hópnum var einnig ein kona sem vann við fiskþvott. Þetta fólk átti það sameiginlegt að vinna langan vinnudag við erfiðar aðstæður. Miklar breytingar höfðu orðið á atvinnulífinu eftir aldamótin 1900, bæði vegna þess að miklir fólksflutningar voru frá sveitum í þéttbýli og einnig vegna tækniframfara í útgerð sem skiluðu meiri afla og þörf á auknu vinnuafli til að verka hann. Þessar öru breytingar og þéttbýlismyndun gerðu það að verkum að fólk fann fyrir sameiginlegum hagsmunum með öðrum í sömu stöðu og með tímanum varð þörfin fyrir stéttarfélög ríkari. Tveimur dögum eftir undirbúningsfundinn birtist einmitt í Alþýðublaðinu áskorun frá einstaklingi sem skrifaði undir með skammstöfuninni B.B.J. Þar sem hann hvatti mótorbátasjómenn í hinum ýmsu þorpum til að mynda félag og berjast fyrir tilveru sinni: „Með því fáið þið bætt kjör ykkar, annars ekki, því fjöldinn sameinaður ræður við það, sem einstaklingurinn einn fær ekki um þokað.“⁴

Á undirbúningsfundinum 9. október var greinilega mikill hugur í fólkinu og fluttu ýmsir erindi um mikilvægi þess að hafa verkalýðsfélag í bænum. Frummælandi á fundinum var Oddur Sveinsson og flutti hann erindi um alþýðuhreyfinguna í Evrópu og hvatti eindregið til þess að stofnað yrði félag. Fundarstjóri á fundinum var Sveinbjörn Oddsson en fundarritari Sæmundur Friðriksson. Eftir miklar umræður var tekin sú ákvörðun að boða til annars fundar til að stofna félagið formlega. Kosin var 5 manna nefnd til að vinna að frekari undirbúningi og einnig 9 manna nefnd til að gera tillögur um stjórn fyrir væntanlegt félag.

Framhaldsfundurinn var boðaður þriðjudaginn 14. október og var þá lagt fram frumvarp að lögum og það samþykkt samhljóða. Þetta varð því stofndagur félagsins og voru stofnendur alls rúmlega 100 talsins sem verður að teljast góður árangur í 1.100 manna bæjarfélagi þó ekki hafi allir verið skráðir sem félagsmenn. Þrátt fyrir að ein kona, Sveinsína Sveinsdóttir, hafi verið á undirbúningsfundinum og eflaust fleiri á stofnfundinum voru þær ekki skráðar sem félagsmenn á þessum tíma og fyrstu 7 árin í starfi félagsins voru eingöngu karlar formlega skráðir félagsmenn. Samt sem áður var við stofnun félagsins ákveðið að árstíllög félagsmanna væru hæfileg 5 krónur fyrir karlmenn og 3 krónur fyrir kvenmenn og því augljóslega reiknað með því að konur yrðu einnig meðlimir í félaginu. Strax í upphafi ársins 1925 var ritað í fundargerð að áherslu þyrfti að leggja á að „fá kvenfólkið í þorpinu í félagið svo hægt verði að semja fyrir það í marsmánuði næstkomandi“ en það virðist þó hafa gengið hægt miðað við félagatalið.

Í fyrstu stjórn félagsins sem kjörin var 14. október 1924 voru Sæmundur Friðriksson formaður, Oddur Sveinsson ritari, Eiríkur Guðmundsson féhirðir, Sveinbjörn Oddsson varaformaður, Gísli Gíslason vararitari, Jónas Guðmundsson varaféhirðir og Jörgen Hansson og Ágúst Ásbjörnsson meðstjórnendur.

Þeir sem gengu í félagið skrifuðu nafn sitt og heimili í bók sem var lengi vel félagaskrá Verkalýðsfélags Akraness þar sem nýjum félögum var jafnóðum bætt við. Þessi bók hefur varðveist og má sjá síðu úr henni hér á opnunni.

Vafnaskrá

Verklyðsfélags Akraness,

sem stofnað er 14. okt. 1924.

- 1 Oddur Sveinsson, Akri. ÷ ✓
2 Magnús Sveinsson Kirkjubæ S.
3 Bjartan Helgason Vespki S. ✓
4 Þorgrímur Hausson Þráttakla S. ✓
5 Andri Jónsson Haf. S. ✓
6 Hákon Jónundsson Kirkjubæ ÷
7 Ólafur Stefánsson Brautarholt S.
8 Guðjón J. Jónsson Þorgr. S.
9 Jónas Harsson Heikis S.
10 Halldór Sigurðsson Akkrab., dæm.
11 Sigurður Sigurðsson Þráttakla S.
12 Sigurður Þjarnason Emeistavillum. ÷ ✓
13 Karl E. Benediktsson, Skuld. S.





Séð yfir Akranes um 1925, Báruhúsið fyrir miðju. Fremst er Breiðin og á þrjá vegu hennar nýlega steiptur sjóvarnargarður sem Haraldur Böðvarsson lét gera.




*Fyrsta fundagerðarbók félagsins
sem notuð var í áratugi.*


Fundir félagsins voru haldnir nokkuð ört og tóku yfirleitt heila kvöldstund. Á fyrstu fundunum var söngur áberandi en þá bæði hófst fundurinn og endaði á því að fundarmenn sungu saman. Sem dæmi var 3. fundur félagsins haldinn þann 17. nóvember 1924 kl. 20 og hófst hann á því að sungið var „Hvað er svo glatt.“ Á þessum mánuði sem þarna var liðinn frá stofnun félagsins var þegar búið að kjósa skemmtinefnd sem var að undirbúa skemmtun í desember og einnig var starfandi samninganefnd.

Ekki hafði félagið verið lengi starfrækt þegar upp komu vandamál við að semja um kaup og kjör en atvinnurekendur á Akranesi voru vanir að semja sjálfir við sína sjómenn og verkamenn og líkaði ekki sú breyting að þurfa að semja í gegnum félag. Við stofnun hafði félagið gengið í Alþýðusamband Íslands en í lok nóvember kröfðust atvinnurekendur þess að félagið segði sig úr sambandinu, annars kæmi ekki til greina að ganga frá samningum. Tekin var ákvörðun á 5. fundi félagsins sem haldinn var 1. desember 1924 um að félagið segði sig úr Alþýðusambandinu sem neyðarúrræði til að ná að semja enda var deilan farin að bitna á félagsmönnum í formi atvinnumissis. Segir í fundargerðinni: „Fundurinn samþykkir að félagið segi sig úr Alþýðusambandi Íslands með þeim skilyrðum að vinnuveitendur gangi hér um bil að óhöggguðum þeim skilmálum er síðasti verkalýðsfélagfundur ákvað að setja atvinnuveitendum.“ Var þessi tillaga samþykkt með 32 atkvæðum gegn 7 og eflaust erfið ákvörðun fyrir nýtt félag að taka. En ekki var margt í stöðunni í ljósi aðstæðna og samninganefnd bar ýmis mál fyrir fundinn sem líklegt væri að kæmu upp í komandi viðræðum. Á fundi sem haldinn var á nýársdag 1925 var skýrt frá fyrstu samningum félagsins við atvinnurekendur um kaup og kjör sjómanna en samningar um kaup og kjör verkafólks náðust ekki fyrir en 19. júní 1925.⁵


Á þeim stutta tíma sem félagið náði að vera meðlimur í Alþýðusambandi Íslands árið 1924 sendi það þó fulltrúa á sambandsþing. Það var Sveinbjörn Oddsson sem fór fyrir hönd félagsins á þingið sem stóð yfir í nokkra daga í byrjun nóvember. Verkalýðsfélagið var þá 25. félagið til að ganga í sambandið og var þá skráð með 80 félagsmenn.⁶ Eftir úrsögnina tæpum mánuði síðar stóð félagið utan við Alþýðusamband Íslands þar til 16. desember 1927 þegar það gekk inn í sambandið öðru sinni og hefur verið meðlimur þess síðan.



Fyrsta síða fundagerðarbókar VLFA þar sem fram kemur stofndagur og síðari innganga félagsins í Alþýðusamband Íslands.



Frétt úr Alþýðublaðinu 8. nóvember 1924 um þing ASÍ sem VLFA náði að senda fulltrúa sinn á.



Húsið Hraungerði (Melteigur 8-10), tvíbýli sem Sæmundur byggði ásamt öðrum.

Fyrsti formaður Verkalýðsfélags Akraness var **Sæmundur Friðriksson**. Hann var fæddur 27. júní 1884 og var því fertugur þegar félagið var stofnað. Sæmundur kom frá Stokkseyri þar sem hann hafði unnið sem sjómaður og sláttumaður en á Akranesi vann hann við ýmislegt, til dæmis sem vélamaður, við sjómennsku og múraraiðn. Áður hafði hann tekið kennarapróf og stundað barnakennslu svo hann hafði ýmsa starfsreynslu. Hann hafði áhuga á íþróttaiðkun og sérstaklega þjálfaði hann sig í íslenskri glímu og þótti góður glímukennari.⁷ Á stofnári félagsins hafði hann aðeins verið í nokkur ár í þorpinu ásamt eiginkonu sinni Áslaugu Halldórsdóttur sem var frá Akranesi. Hann hafði þá ásamt öðrum manni byggt húsið Hraungerði við Melteig 8-10. Þótti sú bygging merkileg þar sem þeir byggðu húsið af litlum efnum en vandað var til verka og þegar upp var staðið hafði kostnaður við bygginguna verið mun lægri en almennt gerðist á þessum tíma. Hann fann einnig leið til þess að nota mó til upphitunar án þess að mikil mengun hlytist af því innanhúss með því að útbúa gat í öskuskúffuna. Þaðan lá renna niður í kjallara hússins þangað sem móaskan fór.⁸ Hann þótti verkhygginn og athugull, var eftirsóttur í vinnu og lét sig verkalýðsmálin miklu varða. Á undirbúningsfundinum sem haldinn var 9. október 1924 tók Sæmundur til máls og talaði um hversu mikla þýðingu félög sem þessi hefðu fyrir verkalýðinn á sjó og landi. Á stofndeginum 14. október var hann kosinn formaður en þó að hann sinnti því hlutverki einungis í eitt ár var hann þátttakandi í starfinu næstu árin. Hann fluttist svo aftur til Stokkseyrar um miðjan fjórða áratuginn og stundaði búskap þar.



Áhöfnin á mótorbátnum Einari þveræringi í vertíðarlok á stofnári félagsins, 1924. Baturinn var í eigu Þórðar Ásmundssonar sem var einn af brautryðjendum vélbátaútgerðar á Akranesi. Á þessum tíma voru milli 10 og 20 vélbátar gerðir út frá Akranesi og margt hafði breyst á stuttum tíma. Á myndinni sjást tveir af stofnfélögum Verkalýðsfélags Akraness, þeir Hjalti Benónýsson, vélstjóri í Háabæ, sem er lengst til vinstri í fremri röð og Arthúr Eyjólfsson í Bræðratungu sem er


annar til hægri í fremri röð. Á milli þeirra situr Jóhannes Sigurðsson, skipstjóri á Grímsstöðum, og lengst til hægri er Bjarni Kristmannsson í Albertshúsi. Í aftari röð eru frá vinstri Kristján Guðmundsson á Breið, Einar Jónsson á Hofi, Sigurbjörn Jónsson á Blómsturvöllum, Daníel Pétursson í Halldórshúsi og Pétur Sigurbjörnsson á Blómsturvöllum. Myndin er tekin af Árna Böðvarssyni í Georgshúsi þar sem hann rak ljósmyndastofu árin 1916-1944.⁹



Sveinbjörn Oddsson ásamt öðrum verkamönnum á lóð verslunar- og vörugeymsluhúss BOCO um 1932. Frá vinstri eru Stefán Rósant Sigurðsson, Sveinbjörn Oddsson, Þorlákur Ásmundsson, Magnús Ásmundsson, Þórður Bjarnason og Friðjón Runólfsson.

Sveinbjörn Oddsson var lykilmáður í stofnun félagsins og mjög virkur í starfi þess. Hann fæddist að Brunnastöðum í Flókadal 8. nóvember 1885 en flutti 17 ára gamall til Reykjavíkur. Þar nam hann skósmíði í 3 ár en stundaði svo sjóinn bæði á skútum og mótorbátum. Hann kom til Akraness nokkru eftir aldamótin 1900 og árið 1911 kvæntist hann Sesselju Sveinsdóttur. Eftir að Sveinbjörn hætti sjómennsku sinni hann ýmis konar vinnu í landi og þekkti því vel kjör vinnandi fólks hvort sem það var á sjó eða landi. Hann var Alþýðuflokksmaður eins og margir brautryðjendur í verkalyðshreyfingunni og byggði á þeim grunni við uppbyggingu félagsins. Það sem einkenndi Sveinbjörn var að honum var ljóst að verkalyðshreyfingin er ekki einhliða kaupgjaldsbarátta heldur eru verkefni hennar af ýmsum toga og margt annað en launakjör sem skiptir máli fyrir verkafólk.¹⁰ Á fyrstu árum félagsins var starfsumhverfið ekki auðvelt enda mikil breyting í litlu sjávarþorpi að fá slíkt mótvægi við atvinnurekendur sem voru vanir að vera nokkuð einráðir þegar kom að kaup og kjörum. Laun voru lág og vinnudagarnir langir, fiskverð þótti lágt en verðlag á nauðsynjum hátt.¹¹ Það voru því stór og flókin verkefni sem biðu félagsins og Sveinbjörn var frá upphafi þar fremstur í flokki. Fyrsta starfsár félagsins var hann varaformaður en ári síðar var hann kjörinn formaður félagsins og gegndi því hlutverki til ársins 1937 eða í 12 ár og þá aftur varaformaður til ársins 1961. Sveinbjörn hvatti fólk mjög til bóklesturs og var meðal fyrstu hvatamanna að stofnun bókasafns á Akranesi frá árinu 1912. Hann starfaði síðar sem bókavörður bæjarins eða frá árinu 1945 til ársins 1962. Eftir að hann gerðist bókavörður gekkst hann fyrir stofnun Starfsmannafélags Akraneskaupstaðar og einnig hafði hann forgöngu um stofnun Byggingafélags verkamanna og var formaður þess til ársins 1958 en það félag byggði tugi íbúða fyrir verkafólk. Óhætt er að segja að Svein-


björn hafi almennt látið sig málefni bæjarbúa varða og komið að margskonar félagsmálum og uppbyggingu samfélagsins. Sveinbjörn þótti góður ræðumaður, rökvis og fylginn sér, fórnfús og gæddur miklum baráttuvilja. Verkalýðsfélag Akraness komst í gegnum sín mótunarár og jafnframt erfið kreppuár í samfélaginu undir hans stjórn.



Sveinbjörn var mjög virkur í ýmsum félagsstörfum og stóð meðal annars fyrir útgáfu timaritins Árroðans sem var blað Jafnaðarmannafélags Borgarfjarðar.



Auk samninga um kaup og kjör hóf félagið fljótlega vinnu við að útvega félagsmönnum matvöru og annað á viðráðanlegra verði en almennt var. Sveinbjörn Oddsson hafði áður komið að stofnun Kaupfélags Akraness árið 1919 en það félag lognaðist út af árið 1923. Hann hélt í þá von að koma slíku félagi á fót aftur og ræddi það mikið á fundum félagsins. Í fyrstu var lagt af stað með sameiginlegar pantanir félagsmanna og á 12. fundi félagsins sem haldinn var 27. september 1925 var ákveðið að leggja inn fyrstu pöntun. Þriggja manna nefnd sá um framkvæmdina en þeir félagsmenn sem ætluðu að taka þátt þurftu að láta vita af því innan viku frá þessum fundi. Lagt var upp með að leggja inn slíka pöntun að hausti og vori og var það gert undir stjórn Sigurðar Björnssonar og Sigurðar Símonarsonar. Með tímanum varð þetta að pöntunarfélagi sem var stofnað árið 1933 sem síðar varð að Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga árið 1938.



Tölur úr ymsi flæsi um pöntunarmál.
Tó að lotum fram alkveðagreiðslu, og sýndi
hinn að meiri hluti fundamanna vildu
taka þátt í vorpöntuninni

Fundir félagsins voru einnig mikilvægt félagsstarf fyrir marga, að geta komið saman og rætt málefni þorpsins, baráttumál vinnandi fólks og jafnframt að geta talað og sungið saman. Það sést líka að fundir voru haldnir ört og voru vel sóttir. Haustið 1925 var sérstökum auglýsingastaurum fyrir félagið komið upp víða um þorpið en það voru tveir af stofnendum félagsins sem sáu um það, þeir Þorsteinn Benediktsson og Jón Árnason. Með þessum hætti var auðvelt að koma fundarboðum og öðrum mikilvægum upplýsingum á framfæri á sem skilvirkastan hátt.

Fiskþurrkun
hjá Presthúsum.





Húsnæði félagsins í gegnum tíðina



Fyrstu árin voru fundir félagsins oft haldnir í Akbraut.

Fasteignar reikningur

		<i>Eignir</i>	<i>Tekjur</i>
		<i>Kr. an</i>	<i>Kr. m</i>
1936			
janúar	1 Bótkaort vaxi á blettinum	1800 00	
	Peningar af söluvaxi (1500.00)		500 00
	Skuldabréf Harald Bødvarsson		1000 00
	Tapi á sölunni		300 00
		Kr. 1800 00	1800 00

Blettur félagsins við Ægisgötu var seldur árið 1936 með 300 kr. tapi, enda voru víða fjárhagserfiðleikar á þessum tíma.

Á fyrstu starfsárum félagsins voru fundir þess oftast haldnir í Bárúhúsinu eins og stofnfundurinn enda var það samkomuhús Akurnesinga á þessum tíma og fundirnir oft fjölmennir. Fyrir kom að minni fundir væru haldnir í heimahúsum en það var þá frekar eftir að félagið skiptist í deildir og hver deild fyrir sig var að funda. Fundir voru líka haldnir í Akbraut sem stóð við Kirkjubraut 6 og greiddi félagið leigu fyrir að nota bæði Bárúhúsið og Akbraut til fundahalda. Sem dæmi greiddi félagið árið 1932 leigu fyrir afnot af Bárúhúsinu að upphæð 135 krónur og á sama tímabili 62,5 kr. fyrir afnot af Akbraut en næstu árin var það fyrst og fremst Akbraut sem var leigð undir stærri fundi og þá greitt fyrir hvert skipti.

Í gegnum tíðina var oft rætt á fundum um mögulega byggingu samkomuhúss þar sem bærinn og ýmis félög myndu sameiginlega koma að framkvæmdinni en jafnframt safnaði félagið í húsbýggingarsjóð með þá von að geta á einhvern hátt komið upp eigin húsnæði með tímanum. Á fyrstu árum félagsins söfnuðu félagsmenn fyrir lóðarbletti við Ægisgötu en sú gata var staðsett nærri Lambhúsasundi. Lóðarbletturinn var lengi stærsta eign félagsins og metinn á 1.800 krónur og stofnuð var bankabók sem kölluð var blett-bók þar sem sett voru inn framlög frá félagsmönnum til að safna fyrir honum. Í janúar 1936 var ákveðið að selja blettinn enda fjárhagserfiðleikar víða á þessum tíma og gerði Haraldur Bødvarsson tilboð í hann. Bletturinn var seldur á 1.500 kr. sem var undir verðmati en skilaði 500 krónum í peningum inn í félagið og 1.000 kr. í formi skuldabréfs. Þar með voru áform um byggingu á þeim stað úr sögunni en áfram var safnað fyrir mögulegu framtíðarhúsnæði í sérstakan húsbýggingarsjóð.

Þó að félagið hefði ekki sitt eigið húsnæði var starfsemi þess mikil og 11 árum frá stofnun þess hófst rekstur skrifstofu. Fyrsta húsnæðið sem fengið var undir skrifstofuna var herbergi að Suðurgötu 23 en það hús byggði Hjörtur Bjarnason. Til skamms tíma var skrifstofan staðsett þar og hélt utan um starfsemina þótt ekki væri mikið til af skrifstofubúnaði. Sveinbjörn Oddsson skrifaði í tímaritið Áróðann í nóvember 1935 um hversu mikilvægt það væri að félagið hefði nú hafið rekstur skrifstofu og sagði þar meðal annars: „Flest hin stærri félög hafa komið á fót hjá sér skrifstofu, og er reynsla þeirra sú að með því hafi félagsskapurinn öðlast lífrænan miðpunkt.“¹² Þannig höfðu bæði félagsmenn og atvinnurekendur ákveðinn stað og aðila til að leita til með þau málefni sem varðaði félagið og starfsemi þess. Í ársbyrjun 1936 var ekki búið að selja blettinn á Ægisgötu svo hann var enn helsta eign félagsins en jafnframt átti það orgel, peningakassa, 10 bekki, 2 stóla, skrifborð, atkvæðakassa og einn rafmagnslampa. Ári síðar var búið að selja blettinn en eignir höfðu aukist örlítið því þá höfðu bæst við annar rafmagnslampi, ritvél og tvær rúllugardínur. Þá hafði skrifstofan líka færst um set og var til húsa að Vesturgötu 61. Það hús reisti Margrét Pétursdóttir sem hafði misst mann sinn, Árna Guðmundsson, úr veikindum árið 1932 en hann var einn af stofnfélögum Verkalýðsfélags Akraness. Í þessu húsnæði var skrifstofa félagsins rekin næstu árin og var yfirleitt einn maður úr röðum félagsins valinn til að sinna því starfi sem þar var unnið. Á Vesturgötunni óx starfsemi skrifstofunnar og félagið fékk til dæmis sinn eigin síma stuttu síðar. Í auglýsingu frá byrjun árs 1939 má sjá að símanúmerið var 27 en seinna lengdist það í 1927.

Starfsmenn skrifstofunnar fyrstu árin voru yfirleitt úr starfi félagsins, oft stjórnarmeðlimir. Guðmundur Kristinn Ólafsson sem var einn af stofnendum félagsins og síðar formaður sinni skrifstofustörfunum töluvert lengi en



Vesturgata 61, þar sem skrifstofa félagsins var til húsa á neðri hæðinni á árunum 1936-1951.

Efnahagsreikningur Verkalýðsfélags Akraness

Eignir	Kr.
Bletturinn samtök Akraness	1500 00
Opriðill ársbætur / Hjónmæðið	826 00
Verkamannaútl. 276 00	
„ Kvenmæðið 310 00	
Samtals	4412 00
Orgel	200 00
Peningakassi	20 50
10 bekkir als	42 84
2 stólar als	17 50
Skrifborð	120 00
Atkvæðakassi	21 00
Rafmagnslampa	5 00
Félagssjóður til næsta árs	301 64
Húsnæðissjóður	353 63
Húsnæðissjóður	45 66
Skemmtisjóður	3 24
Samtals	4343 51
1/2 Eignir	3594 41
þar af eignarhæving á árinum kr 111 14	159 34

Listi yfir eignir félagsins 1936.

**Sjómannaútl. verkalýðs-
félags Akraness**
óskar eftir tilboðum í hrogn
ný og sölitúð. Tilboð séu
send skrifstofu félagsins
Vesturgötu 61 Akranesi, sími 27.


Símanúmer félagsins
var 27 en seinna
lengdist það í 1927.

Akranesi 23. Okt. 1940

Þessa þess mót að hækka mi-
 stötuð i aesi, eitthvað ^{og endurbætur}
 hisa sem annat. Þinn ^{eg mig þarfa}
 tel, að hækka húsaleigu fyrir skrifstofu
 þas sem húsinn er, frá máttu
 ísamntun, að telja um Fróanus 500 í mör.
 fyrir hvert herbergi.
 Þas sem pítantlegt er, að leigan fyrir
 herbergi þessi þegar upphaflega áreit
 mjög há. Samanberit við leigu í nýrri
 íbúðarhúsum þessleitt, tel ég ekki
 ásamngjæmt að hækka þessu eigi líf
 stóð.

Þvingar fylld.
 M. P.

Félagið leigði aðstöðuna að Vesturgötu 61 af Margréti Pétursdóttur. Hér hefur hún þurft að hækka leiguna og tilkynnt það bréfleiðis.



Sjómannheimilið var vígt 1949 og afhent félaginu 1951.

Það st lausnar 1942 og ári seinna var Skúli Skúlason ráðinn starfsmaður félagsins. Skúli sinni starfinu einungis í hálf t ár og Hálfán Sveinsson formaður tók þá við tímabundið. Þarna var skrifstofan opin frá 17-19 og engin starfsemi í júlí og ágúst. Næstu áratugina var skrifstofuopnunin með þessum hætti, opið seinnipart eftir dagvinnutíma og þeir sem sinntu starfinu voru virkir í starfi félagsins og bættu þessu starfi við önnur störf sín. Með árunum eignaðist félagið fleiri skrifstofumuni og má þar nefna fjölrítara sem var keyptur af Sveinbirni Oddssyni í nóvember 1938. Fram að því hafði verið greitt fyrir fjölrítun hér og þar, til dæmis hjá Svöfu Þorleifsdóttur sem var skólástjóri barnaskólans.

Þann 6. mars 1949 var vígt á Akranesi hús sem kallað var Sjómannheimilið eða Sjómannastofan en það var staðsett ofan við bryggjuna við Akursbraut. Byggingarferlið hafði verið langt en bærinn sá um að reisa húsið til að sjómenn og aðrir hefðu þar athvarf og kost á að kaupa heitan mat þegar höfð var viðvera í bænum. Ýmsir tóku til máls við vígslu-athöfnina og horfðu menn til þess að þarna gæti einnig blómstrað menning og félagslíf enda mikilvægt að hafa góðan samkomustað í bænum til þess.¹³ Seinna sama ár brann Bárúhúsið sem hafði lengi verið eina samkomuhúsið svo það má segja að flestir viðburðir hafi færst yfir í Sjómannheimilið.

Árið 1951 urðu tímamót hjá Verkalýðsfélagi Akraness þegar bæjarstjórnin afhenti félaginu Sjómannheimilið til eignar og umráða en jafnframt yrði það áfram athvarf fyrir sjómenn sem ættu leið um bæinn. Fram að því hafði verið rekin matsala þar á veturna. Með þessu gat félagið sameinað undir einu þaki skrifstofu sína og stað til að halda fundi og aðrar samkomur. Nokkrar breytingar voru gerðar á húsnaðinu til að aðlaga það þörfum félagsins en salurinn var stækkaður úr 40 fermetrum í 60 fermetra. Salurinn var þiljaður með eik að neðan og málaður grænn að ofan og var hann til hægri auk



Sjómannahéimilið í byggingu um 1948.

fatageymslu og snyrtiherbergis þegar gengið var inn um inngang á vesturgafli. Til vinstri var svo gengið inn í skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness þar sem félagsmenn gátu nálgast upplýsingar og allt venjulegt skrifstofuhald fór fram. Þetta var því mjög góð aðstaða fyrir starf félagsins en helsti gallinn þótti svæðið í kringum húsið sem var að miklu leyti ófrágengið og varð fljótlega drullusvað. Áfram var haldið með matsölu fyrir sjómenn og verkamenn svo mikið líf var í húsinu dags daglega.¹⁴



Fyrsta skrifstofuhúsnæðið sem VLFA festi kaup á var að Suðurgötu 36.

Árið 1968 festi félagið kaup á skrifstofuhúsnæði að Suðurgötu 36. Sjómannaheimilið var þá selt til annarra aðila og áfram rekin matstofa þar. Seinna var þar rekin billiardstofa, síðar sólbaðsstofa og það varð svo starfsmannahús sildarverksmiðjunnar á tíunda áratugnum en þá var byggt við það. Húsið að Suðurgötu 36 hafði verið byggt árið 1947 af klæðskeranum Árna Ingimundarsyni. Hann útbjóg vinnustofu á neðri hæðinni en bjó á þeirri efri og nýtti húsið þannig til ársins 1955.¹⁵ Eftir það voru ýmis félög og fyrirtæki með starfsemi á neðri hæðinni en alltaf var búið á þeirri efri og seinna líka á þeirri neðri. Á Suðurgötu 36 rak félagið skrifstofu allt til ársins 1982 og á þessum tíma vann til dæmis Herdís Ólafsdóttir á skrifstofunni. Á Suðurgötunni var ekki pláss fyrir stærri fundi eða viðburði svo þar var einungis rekin skrifstofan og haldnir minni fundir.



Fundað á skrifstofu félagsins á Suðurgötu 36.



Kirkjubraut 40 klár í slaginn.

Árið 1980 var hafist handa við að byggja hús að Kirkjubraut 40 og var það stórt verkefni, 3 hæðir og alls tæplega 1200 fermetrar. Félagið í kringum húsið nefndist Sameignarfélagið Kirkjubraut 40 en Verkalýðsfélag Akraness átti 30% í því, Lífeyrissjóður Vesturlands 30%, Sveinafélag málmíðnaðarmanna 15%, Verkfræði- og teiknistofan Sf. 15%, Trésmíðafélagið 5% og Verzlunarmannafélag Akraness 5%.¹⁶ Það voru því ýmis félög sem komu að byggingunni og þótti þetta mikil framkvæmd enda var húsið stundum í daglegu tali nefnt verkalýðshöllin eða jafnvel höll alþýðunnar. Strax í upphafi var miðað við að leigja neðstu hæðina út og hefur ýmis starfsemi verið þar. Á efri hæðunum höfðu þeir aðilar sem að byggingunni komu skrifstofurými en jafnframt var góður samkomusalur í húsinu sem nýttist vel til að halda ýmsa viðburði. Þarna fékk félagið góða aðstöðu til að halda bæði fundi og viðburði sem og til að reka skrifstofu sína og flutti í húsið árið 1982.



Unnið að byggingu Kirkjubrautar 40.



Sunnubraut 13 þar sem skrifstofan var til húsa á árunum 2002-2020.

Í desember 2001 festi félagið kaup á húsnæði að Sunnubraut 13 og eftir endurbætur á því fluttist starfsemin þangað árið 2002. Húsið að Sunnubraut 13 var öllu minna um sig en verkalýðshöllin en nýttist sem skrifstofuhúsnæði og aðstaða fyrir stjórnarfundum þó svo að enn væri samkomusalurinn á Kirkjubraut 40 í eigu félagsins og notaður fyrir stærri viðburði. Í fyrstu var fundarsalur á jarðhæð á Sunnubrautinni en eftir því sem starfsfólki fjölgaði þurfti að nýta það rými undir skrifstofu og síðustu árin sem félagið var staðsett þar voru stjórnarfundir og aðrir fundir haldnir uppi í risinu.



Fundað á Sunnubraut 13, Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir, Þórarinn Helgason, Guðmundur Rúnar Davíðsson og Jóhann Örn Matthíasson.

*Þjóðbraut 1, skrifstofu-
húsnæði félagsins frá
árinu 2020.*



*Málverk eftir Bjarna
Þór prýðir móttöku
skrifstofunnar.*

Aðgengi að fundaraðstöðu var ekki sem best að Sunnu-
braut 13 og jafnframt var orðið þröngt um starfsemina. Það
var því tekin sú ákvörðun að kaupa rými að Þjóðbraut 1
og innrétta það sérstaklega fyrir Verkalýðsfélag Akraness.
Þangað flutti félagið í nóvember árið 2020 en í rýminu eru
6 skrifstofur og fundarsalur auk geymslu, þvottahúss og
kaffistofu. Mjög rúmt er um alla starfsemi skrifstofunnar á
þessum stað og aðgengi félagsmanna gott. Þegar Þjóðbraut
1 var keypt seldi félagið bæði húsið að Sunnubraut 13 og
jafnframt salinn á Kirkjubraut 40. Þegar halda þarf stærra
viðburði á vegum félagsins eins og aðalfundi, stóra félags-
fundi eða hátíðarhöld á 1. maí eru því leigðir salir fyrir þá
viðburði.

Hálfván Sveinsson, sem var formaður félagsins frá 1937 til 1961, fæddist í Bolungarvík 7. maí 1907. Hann fluttist til Akraness haustið 1934 en hafði áður lokið kennaraprófi og kennt í Stykkishólmi. Hann kenndi við barnaskólann á Akranesi frá því hann flutti í bæinn og þar til nokkrum dögum áður en hann lést árið 1970, aðeins 63 ára að aldri.

Hálfván kom fljótt inn í starf Verkalýðsfélags Akraness þrátt fyrir að hans starfsvettvangur væri kennsla en eins og margir aðrir kennarar á þessum tíma sinnti hann verkamannastörfum á sumrin og það varð til þess að hann gekk í félagið 6. júní 1936. Frá þeim degi var hann mjög virkur í starfi félagsins, mætti á fundi og lagði sitt af mörkum til að bæta kjör og aðbúnað verkafólks. Hann kynntist þá Sveinbirni Oddssyni og heillaðist af því starfi sem hafði verið unnið í félaginu á erfiðum upphafsárum þess.

Á þessum tíma var atvinnuleysi mikið og Hálfván hvatti til þess að félagið skipaði svokallaða bjargráðanefnd til að reyna að bæta ástandið. Meðal tillaga var að byggja fiski- og



síldarverksmiðju sem var gert nokkrum árum síðar. Hálfván hafði aðeins verið í félaginu í rúmlega ár þegar hann var kosinn formaður þess haustið 1937 og sinnti hann formennsku allt til ársins 1961 eða í 24 ár. Hann er sá formaður sem lengst hefur setið í Verkalýðsfélagi Akraness og þótti alltaf sinna félaginu af miklum áhuga og atorkusemi þrátt fyrir að vinna líka við kennsluna á daginn.

Jafnaðarstefna og verkalýðsmál áttu hug hans allan og hann starfaði í félaginu af heilum hug, félagsmönnum til hagsbóta. Hann var þekktur fyrir að vera góður ræðumaður og ná auðveldlega athygli fólks með orðum sínum en fyrst og fremst var hann þekktur fyrir góðar málamiðlanir og að bera virðingu fyrir andstæðingum sínum í erfiðum málum. Eftir að Hálfván hætti að starfa sem formaður félagsins varð hann varaformaður og starfaði áfram með hag félagsins fyrir brjósti. Hálfván sinnti ýmsum störfum í þágu bæjarins og var bæjarstjóri um tveggja ára skeið.¹⁷



Hálfván í boðhlaupi á sjömannadaginn 1967.



Saltfiskþurrkun
á Breiðinni
um 1930.

Próun yfir í deildaskiptingu

Á fyrstu árum félagsins var það ekki deildaskipt og skráðir félagsmenn voru eingöngu karlmenn fram til ársins 1931. Þeir atvinnuhættir sem mest voru áberandi voru sjómennska og almenn verkamannavinna sem og ýmis störf tengd vinnslu á sjávarafurðum og öðru því tengdu. Vinnudagarnir voru langir og launin lág en ekki þurfti síður að huga að öryggi fólks og aðbúnaði. Hafið tók marga og lífsbaráttan gat verið hörð. Það tók tíma fyrir nýtt félag að vinna sér sess sem samningsaðili sem tekið var mark á en með tímanum urðu sigrarnir fleiri og í litlum skrefum urðu kjör fólks betri. Árið 1926 vann félagið til dæmis að því að fá sett niður brim-merki, merkjastangir til að vara menn við sundunum þegar brim væri. Ákveðið var að ef ekki fengist greiddur kostnaður við það af hreppsfélaginu myndi félagið standa straum af kostnaði. Jafnframt var gerð sérstök tillaga þar sem félagið skoraði alvarlega á útgerðarmenn á Akranesi að leggja akkeri í Krossvík svo að bátar þyrftu ekki að leggja frá landi til annarra hafna ef til vill í hættulega sjóferð og bauðst félagið til

að leggja akkerinu. Á þennan hátt sést hvernig verkalýðsfélög gátu strax á þessum tíma sameinað krafta fólks til að knýja fram mikilvægar úrbætur.

Þegar félagið var búið að fóta sig sem samningsaðili og var orðið hluti af samfélaginu varð ljóst að með deildaskiptingu væri hægt að sinna hverri starfsstétt fyrir sig á skilvirkari hátt. Eðli málsins samkvæmt voru mismunandi áherslur í baráttumálum eftir atvinnugreinum. Sveinbjörn Oddsson hafði frá stofnun félagsins nefnt að betur færi á því að hafa það deildaskipt þó að það hafi ekki verið tímabært á allra fyrstu árunum. Á fundi þann 27. október 1927 bar Sigríkur Sigríksson, sjómaður og einn af stofnendum félagsins, fram tillögu þess efnis að kosin yrði nefnd til að vinna að deildaskiptingu og 13. nóvember sama ár var samþykkt fundarályktun um að stofnaðar yrðu deildir innan félagsins og lögunum breytt samkvæmt því. Það varð þó ekkert úr deildaskiptingu á þessum tímamarki en drögin höfðu verið lögð og félagið skiptist fyrst í deildir í lok árs 1931.



Arnóra Oddsdóttir, fyrsti
formaður kvennadeildar.

Kvennadeild – 27. júní 1931

Á árunum sem liðu frá því að félagið var stofnað og þar til því var fyrst skipt í deildir hafði það vaxið og dafnað og sífellt fleiri vildu taka þátt í starfinu. Konur voru þar engin undantekning og kvennadeildin var einmitt fyrsta deild félagsins en hún var stofnuð þann 27. júní 1931. Stofnendur voru 13 talsins en alls voru 32 konur skráðar í félagið á stofndegningunum og tóku þær strax virkan þátt í starfinu. Fyrsti formaður kvennadeildarinnar var Arnóra Oddsdóttir sem var jafnframt fyrsta konan sem var skráð á félagalistann og var félagi númer 194 en hún var þá 21 árs gömul. Ritari var Þóra Einarsdóttir og meðstjórnandi var Pálína Steinadóttir.

Á þessum tíma var launamunur milli karla og kvenna mikill og oft gat verið erfitt að taka slaginn við atvinnurekendur, sérstaklega þegar atvinnuleysi var mikið og erfitt að fá örugga atvinnu. Jafnframt voru heimilisstörf og barna-



Fiskvinnslufólk á
Kampinum árið 1933.



Kvennadeild VLFA á sjöunda áratugnum. Aftari röð frá vinstri: Sigurlaug Stefánsdóttir, Kristín Kristinsdóttir og Gréta Gunnarsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Herdís Ólafsdóttir, Guðrún Dísríksdóttir og Bjarnfríður Leósdóttir.

uppeldi nær eingöngu í verkahring kvenna og atvinnan því viðbót við fjölmörg verkefni heima fyrir. Að öllu leyti var því betra að tilheyra félagi og geta sem heild unnið að betri kjörum. Vorið 1933 náðust í gegn kauptaxtar verkakvenna á Akranesi í fyrstu samningunum sem voru samþykktir eftir að deildin var stofnuð. Þá var samþykkt verkakaup kvenna í dagvinnu 0,7 kr. á klukkustund en til samanburðar höfðu karlar í dagvinnu 1 krónu. Á þessum tíma var dagvinnutími frá 7 á morgnana til 7 á kvöldin. Það var mikill sigur fyrir verkakonur að ná að festa kauptaxta og var þessi barátta búin að taka rúmt ár í heildina. Á sama tíma var gengið frá

samningum fyrir verkamenn og var formaður félagsins, Sveinbjörn Oddsson, ánægðari með niðurstöðuna fyrir hönd kvennadeildar þar sem engir launasamningar höfðu verið til á Akranesi fyrir konur og atvinnurekendur skömmtuðu kaup eftir sínum geðþóttu.

Eins og annað starf innan félagsins gegndu fundir kvennadeildar líka mikilvægu hlutverki sem tækifæri fyrir konurnar að hittast utan heimilis og vinnu. Arnóra Oddsdóttir sem var fyrsti formaður deildarinnar rifjaði upp á 50 ára afmæli félagsins hvað það hefði alltaf verið skemmtilegt í starfinu þó svo að allir ynnu langan vinnudag fyrir lág laun.¹⁸




Áhöfn og björgunarsveitarmenn um borð í vélbátnum Ægi MB 96 árið 1936. Fyrsti formaður sjómannaeyðingar Verkalýðsfélags Akraness, Sigurdór Sigurðsson, situr á seglránni. Aftari röð frá vinstri: Hjörtur Bjarnason, Ingvar Arnason, Sigurþór Narfason, Sigurður Bjarnason og Bjarni Brynjólfsson. Fremri röð frá vinstri: Vilhjálmur Benediktsson, Hjörtur Þorkelsson, Þórður Bjarnason, Jónas Theódór Sigurgeirsson, Sigurbjörn Ásmundsson, Haraldur Kristmannsson, Sigurður Einvarðsson, Kjartan Helgason, Jón Guðmundsson og Þórður Sigurðsson skipstjóri. Fremstur er Niels Kristmannsson.

Sjómanna deild – 30. nóvember 1931


Næsta deild sem var stofnuð var sjómanna deildin en hennar fyrsti formlegi fundur var haldinn í Bárúhúsinu þann 30. nóvember 1931. Margir meðlimir sjómanna deildarinnar voru hluti af stofnendum Verkalýðsfélags Akraness svo þeir voru vanir fundahöldum og starfsemi félagsins en með þessu varð til sérhæfðari vettvangur fyrir þeirra baráttumál. Fyrsti formaður deildarinnar var kosinn Sigurdór Sigurðsson í Hlíðarhúsum, ritari var Sæmundur Friðriksson sem var fyrsti formaður félagsins og innheimtumaður Sigríkur Sigríksson. Á þessum fyrsta fundi var strax kosið í skemmtinefnd deildarinnar en alltaf var lagt mikið upp úr félagsstarfi og þegar deildaskiptingin var orðin skýrari sameinuðust skemmtinefndir deildanna oft í því að skipuleggja viðburði fyrir félagið allt.

Í sjómanna deildinni þurfti að mörgu að huga bæði hvað varðaði kaup og kjör en ekki síst öryggi og aðbúnað. Á fyrstu fundum deildarinnar var meðal annars rætt um lifur og bræðslu, um sölu á nýjum fiski, um kjör mótoranna og stýrimanna og um verð á bjóðageymslu svo eitthvað sé nefnt. Í stóra samhenginu gat allt skipt máli enda mikilvægt að fá gott verð fyrir aflann og að skýrt væri hvernig skiptingin væri. En sjómennskan var hættulegt starf og ekki komust allir heilir heim. Mikið var rætt um öryggi við sjómennskuna á fyrstu fundum og lesin voru upp nöfn þeirra sem höfðu druknað á árunum 1928 til 1930. Í framhaldinu var rætt hve margir gætu hafa átt möguleika á að bjargast ef þeir hefðu kunnað sund og ákveðið var að gera tillögu til skólanefndar og hreppsnefndar um að kenna drengjum úr tveimur efstu bekkjum barnaskólans sund í volgu vatni. Langt var enn í byggingu og opnun Bjarnalaugar sem var vígð árið 1944 en byrjað var að leggja grunn að því sem kom síðar og skipti miklu máli fyrir öryggi sjómanna.





Sigtryggur Bjarnason frá Bæjarstæði
að stála hníf



Verkamannadeild - 3. desember 1931

Aðeins þremur dögum eftir stofnun sjómannadeildar var verkamannadeildin formlega stofnuð þann 3. desember 1931. Fyrsti formaður hennar var Sæmundur Eggertsson í Sigtúnum og gegndi hann því hlutverki í eitt ár. Ritari var Vilhjálmur Jónsson á Þinghól og innheimtumaður Guðmundur Kristinn Ólafsson í Nýborg. Eins og í sjómannadeild voru þarna menn sem höfðu mikið starfað með félaginu og margir þeirra frá upphafi. Það urðu því ekki miklar breytingar á eiginlegum fundarstörfum nema að ákveðið var að stofna sérstakt blað innan fundanna sem fékk nafnið Verkamaðurinn en meðlimir deildarinnar rituðu í það og upp úr því var lesið á fundum. Árið 1927 höfðu orðið mikil þáttaskil í atvinnulífnum á Akranesi en þá fóru sjómenn að stunda sjóröðra frá Akranesi á vetrarvertíðum og næstu árin voru nær allir bátar Akurnesinga farnir að róa að heiman. Þetta þýddi að mun fleira verkafólk fékk vinnu enda mörg störf í landi sem fylgdu róðrunum.

Þó að deildirnar væru á þessum tíma orðnar þrjár var samt sem áður líka unnið með félagið sem eina heild í mörgum málum og deildirnar sameinuðu oft krafta sína. Með deildaskiptingunni var þó kominn betri grundvöllur til að berjast fyrir bættum kjörum hvernar starfsstéttar fyrir sig og því góð viðbót við öflugt starf félagsins.

Þegar verkamannadeildin var stofnuð og næsta áratuginn voru oft miklir erfiðleikatímar fyrir íslenskt verkafólk, atvinnuleysi var mikið og erfitt að ná fram kjarabótum þegar varla var vinnu að fá. Þá var er ekki margt í stöðunni annað en að bíða betri tíma og nýta tækifærið til kjarabaráttu þegar atvinnuástand varð betra. En hvort sem færi voru til að sækja kjarabætur eða ekki var alltaf styrkur í því að vera hluti af félaginu og geta leitað þangað ef eitthvað var ekki eins og átti að vera í aðbúnaði eða kjörum.

Véltjóradeild – 29. maí 1936

Deildir félagsins voru þrjár næstu árin og það var ekki fyrr en árið 1936 sem fjórða deildin varð til. Það var véltjóradeild en hún var formlega stofnuð þann 29. maí 1936. Rúmu ári áður, 26. maí 1935, höfðu um 20 véltjórar stofnað sérstakt véltjórafélag sem nefndist Víkingur. Formaður þess var Sigurdór Sigurðsson sem einmitt var fyrsti formaður sjómannadeildarinnar þegar hún var stofnuð. Véltjórafélagið Víkingur var starfrækt í tæpt ár en á fundi þess þann 3. maí 1936 var rætt hvernig félagið gæti verið sem sterkast og náð sem mestu fram. Á þessum fundi fór fram atkvæðagreiðsla um hvort félagið ætti að ganga inn í Verkalýðsfélag Akraness sem sérstök deild og var sú tillaga samþykkt með

18 atkvæðum gegn einu. Þótti bæði styrkur í því að tilheyra félaginu og einnig væri það gott ef vélamenn færu til dæmis að vinna sem hásetar og þyrftu þá að vera í báðum félögum. Eftir þessa samþykkt var véltjóradeild Verkalýðsfélags Akraness formlega stofnuð.

Fyrsti formaður deildarinnar var Hendrik Steinsson, ritari var Valtýr Benediktsson og meðstjórnandi Gunnar Guðmundsson. Helstu baráttumál véltjóra voru til dæmis hver hlutur þeirra væri sem og ýmis réttindamál en í mörgum málum áttu véltjóradeild og sjómannadeild samleið og gátu þá sameinað krafta sína þegar það átti við.



Feðgarnir Árni Halldór Árnason og Bjarni Árnason um borð í Skallagrími.



Aflaskipið Sigurfari landar á Húsavík sumarið 1940.

Beitningarbalar á
vörubílspalli á leið
niður að höfn.



Bílstjóradeild – 29. október 1939

Fimmta deild Verkalýðsfélags Akraness var bílstjóradeildin. Bílstjórar á Akranesi funduðu þann 28. október 1939 og ræddu um að stofna með sér bílstjórafélag sem gæti jafnvel orðið deild innan félagsins. Þann 29. október var þetta tekið fyrir á fundi í félaginu og samþykkt og þar með varð bílstjóradeildin formlega til. Í fyrstu stjórn hennar voru Leó Eyjólfsson formaður, Þorsteinn Magnússon ritari og Árni Gíslason meðstjórnandi.

Bílstjóradeildin starfaði fram til ársins 1953 en þá var Vörubílastöð Akraness stofnuð.



Starfsmenn við vinnu á plani við
Bifreiðaverkstæði Daníels Friðrikssonar
að Suðurgötu 126.



*Einar Vestmann, Helgi Nikulás Vestmann
og Haraldur Sigurðsson, verkamenn í
Vélsmiðjunni Loga.*



*Sigríður Árnadóttir og Guðbjörg
Árnadóttir við vinnu í eldhúsi
Sjúkrahúss Akraness.*



*Götusóparar við
Suðurgötu um 1955.*

Agatha Þorleifsdóttir, Halldóra
Guðmunda Árnadóttir, Unnur
Jóna Geirsdóttir og Helga
Guðmundsdóttir Jónsdóttir,
starfsstúlkur Hótel Akraness
við Vesturgötu.



Lilja Víktorsdóttir og Nanna Jóhannsdóttir
við vinnu í Heimaskaga.



Kristín Magnúsdóttir breiðir
saltfisk á stakstæði.




Sláturhús Kaupfélags Suður-Borgfirðinga á Breiðinni um 1960.



Síldarsöltun hjá Sigurði Hallbjarnarsyni hf.



Þórarinn Guðjónsson í Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness.



Á fyrstu árum félagsins átti það ekkert sérstakt merki en notaður var stimpill með nafni þess.



Skúli Þórðarson flytur ræðu á 50 ára afmæli félagsins. Í bakgrunni sést stóri félagsfáninn.

Merki félagsins


Merki Verklýðsfélags Akraness var hannað eftir að félaginu var skipt í fimm deildir. Fram að því hafði félagið átt stimpla með nafninu en ekki sérstakt merki sem tilheyrði því. Merkið er stýrishjól og innan þess eru verkfæri sem tákna hverja deild fyrir sig á þeim tíma. Mikið var lagt í að hanna merkið þannig að það hefði skýra vísun í störf félagsmanna og tókst vel til með það þótt það megi segja að þetta sé ekki einfaldasta merkið til að teikna upp. Öngull og netnál eru táknið fyrir sjómannadeild, skófla og haki fyrir verkamannadeild, sildar-klippur og fiskbursti fyrir kvennadeild, hjólbarði og gangsetningarsveif fyrir bílstjóradeild og tannhjól og lykill fyrir vélstjóradeild. Í gegnum tíðina hafa deildir sameinast, nýjar orðið til og sumar horfið en haldið hefur verið í upprunalegt merki sem tákni um þá atvinnuhætti sem voru ríkjandi á fyrstu árum félagsins. Tryggvi Magnússon teiknaði merkið og þann 15. desember 1945 barst félaginu að gjöf frá félagsmönnum sínum stór félagsfáni sem var saumaður af Unni Ólafsdóttur Briem og skartaði hann nýja merkinu. Fáninn er rauður í grunninn og merkið saumað úr leðurefni. Var hann notaður við ýmis hátíðleg tækifæri í sögu félagsins og er nú varðveittur á Bygðasafni Akraness.

Merki félagsins hefur verið notað á ýmsan hátt í starfinu, allt frá því að vera á bréfsefnum og umslögum og yfir í að vera á hlutum sem framleiddir hafa verið fyrir félagsmenn við hin og þessi tilefni. Á 50 ára afmæli félagsins voru gerðir litlir fánar eftir þeim stóra og meðal annars afhentir þeim stofnendum félagsins sem enn voru á lífi og gátu verið viðstaddir.

Skófla og haki
eru tákn fyrir
verkamannadeild.

Öngull og netnál
eru tákn fyrir
sjómannadeild.

Síldarclippur og
fiskbursti eru tákn
fyrir kvennadeild.



Tannhjól
og lykill eru
tákn fyrir
vélstjóradeild.

Hjólbarði og
gangsetningarveif
eru tákn fyrir
bílstjóradeild.



Kröfuganga á Kirkjubrautinni snemma á 9. áratugnum.
Agnar Jónsson gengur fremst.



Í seinni tíð hefur merkið verið prentað á ýmsar
gerðir fána. Mynd frá 1. maí 2015.



Fáninn prýðir salinn í 50 ára afmæli félagsins árið 1974.

Fundað með öðrum
verkalýðsfélögum.
Við enda borðsins situr
Sveinbjörn Oddsson
og þriðji frá vinstri er
Hálf dán Sveinsson.



Frá afhendingu
fánans á Byggðasafni
Akraness. Vilhjálmur
Birgisson og Jón
Allansson.



Merkið er
mjög sýnilegt
á skrifstofu
félagsins að
Þjóðbraut 1.

Heiðursfélagar

Verkalýðsfélag Akraness hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að á hverjum tíma fyrir sig hefur raðast í stjórnir þess og starf dugmikið fólk sem lætur sig miklu varða hagsmuni verkafólks. Mörg þeirra hafa starfað fyrir félagið áratugum saman og sýnt í verki hversu miklu er hægt að áorka þegar viljinn er fyrir hendi. Til að þakka fyrir óeigingjarnt starf hefur félagið gert margt af því fólki að heiðursfélögum. Til eru heimildir um marga af heiðursfélögum Verkalýðsfélags Akraness en eflaust hafa fleiri verið heiðraðir þótt ekki hafi fundist um það upplýsingar.

Árið 1935 var samþykkt að fyrsti formaður félagsins, Sæmundur Friðriksson, yrði gerður að heiðursfélaga í tilefni af 10 ára afmæli félagsins haustið áður og ákveðið að senda honum símskeyti til að tilkynna um það en hann var þá fluttur frá Akranesi. Samkvæmt fundargerðum má einnig sjá að á 40 ára afmæli félagsins voru Sveinbjörn Oddsson, Arnmundur

Gíslason og Sigríkur Sigríksson gerðir að heiðursfélögum og á 50 ára afmæli félagsins voru allir þeir stofnendur félagsins sem viðstaddir voru heiðraðir. Má þar nefna Hannes Júlíus Guðmundsson, Guðmund Kristin Ólafsson, Guðbjarna Sigmundsson, Ásmund Bjarnason, Sigtrygg Bjarnason, Sigurbjörn Ásmundsson, Karl Benediktsson, Hannes Ólafsson, Geir Jónsson, Magnús Ásmundsson og Þorberg Sveinsson.

Síðar voru Herdís Ólafsdóttir, Bjarnfríður Leósdóttir, Skúli Þórðarson, Garðar Halldórsson, Sigríður Ólafsdóttir, Agnar Jónsson, Sigrún Clausen og Ásmundur Uni Guðmundsson heiðruð af félaginu. Loks má geta þess að á 100 ára afmælisárinu bættust við fimm nýir heiðursfélagar, þau Elí Halldórsson, Sigríður Sigurðardóttir, Sigurður Guðjónsson, Jóna Adolfsdóttir og Alma María Jóhannsdóttir.

Allir þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að hafa starfað af miklum krafti í þágu félagsins.



Skúli Þórðarson heiðrar stofnfélaga á 50 ára afmæli félagsins.



*Hervar Gunnarsson og
heiðursfélagar á 70 ára
afmæli félagsins.*



*Vilhjálmur Birgisson og
heiðursfélagar á 100 ára
afmælisári félagsins.*



Guðmundur Kristinn Ólafsson fæddist á Akranesi 20. mars 1907 og var því einungis 17 ára gamall þegar Verkalýðsfélag Akraness var stofnað. Hann var einn af stofnendum þess og var skráður félagsmaður númer 15 en faðir hans, Ólafur Stefánsson, var skráður númer 7. Alla tíð starfaði hann mikið fyrir félagið, sat í stjórn verkamannadeildar, sinnti skrifstofustörfum og starfaði lengi sem ritari félagsins. Hann var formaður félagsins á árunum 1961-1966 og starfaði eftir það áfram með félaginu út ævina.

Guðmundur Kristinn þótti einstaklega hlýr og góður maður, með sterka réttlætiskennd og bar ávallt hag félagsmanna fyrir brjósti. Hann veiktist ungur af berklum og stríddi við þann sjúkdóm en lét sjúkdóminn ekki hindra sig í að vinna að markmiðum sínum og hugsjónum. Áður en hann veiktist hafði hann verið til sjós en eftir veikindin vann hann meðal annars sem vörubílstjóri, vélgæslumaður í frystihúsi og sem skattendurskoðandi. Hans starf fyrir Verkalýðsfélag Akraness var mikið og fjölbreytt. Þegar félagið var í fjárhagsvandræðum árið 1938 vegna vangoldinna iðgjalda var ákveðið að ráða mann tímabundið til að fara í innheimtuna. Var Guðmundur Kristinn ráðinn í það starf og sinnti því í fjögur ár meðfram öðrum störfum. Þess má geta að í innheimtunni var tekið sérstakt tillit til þess ef menn höfðu misst atvinnu sína og félagsgjöldin þá felld niður sem sýnir þau gildi sem starfað var eftir.

Þegar félagið fagnaði 50 ára afmæli árið 1974 sá Guðmundur Kristinn um að taka saman helstu atriði í sögu þess og flutti jafnframt ræðu í tilefni afmælisins. Hann lést tæpu ári síðar þann 9. september 1975 eftir erfið veikindi. Guðmundur vann af heilum hug fyrir félagið og það er lýsandi að eftir lát hans skrifaði Skúli Þórðarson sem tók við af honum í formennsku félagsins að „þar sem Guðmundur Kristinn var, þar var Verkalýðsfélag Akraness.“

Eiginkona Guðmundar Kristins var **Sigríður Ólafsdóttir** sem jafnframt starfaði mikið með Verkalýðsfélagi Akraness. Sigríður var fædd að Vindási í Kjós þann 23. júní 1909. Hún var ein af stofnendum kvennadeildar og gekk því í félagið þann 27. júní 1931. Sigríður var meðal annars formaður deildarinnar 1933-1934 og aftur 1946-1950 og var alla tíð virk í starfi félagsins ásamt systur sinni Herdísí.



Stjórn Verkalýðsfélags Akraness árið 1949. Aftari röð frá vinstri: Guðbjarni Sigmundsson, Jóhann S. Jóhannesson, Sigríður Ólafsdóttir, Hafliði Stefánsson og Ársæll Valdimarsson. Fremri röð frá vinstri: Guðmundur Kristinn Ólafsson, Hálf dán Sveinsson og Arnmundur Gíslason.

Herdís Ólafsdóttir var aðeins tvítug þegar hún gekk í Verkalýðsfélag Akraness á stofndegi kvennadeildarinnar 27. júní 1931. Herdís var fædd að Vindási í Kjós 28. febrúar 1911 en fluttist ung til Akraness og giftist Hannesi Guðmundssyni. Herdís var systir Sigríðar Ólafsdóttur og þar með mágkona Guðmundar Kristins Ólafssonar og bjuggu þau öll að Vesturgötu 88, Dvergasteini, frá árinu 1941.

Herdís var alla tíð mikil baráttukona fyrir bættum hag verkafólks og þá ekki síst verkakvenna og starfaði hún á ýmsum vettvangi fyrir félagið. Strax á fyrsta starfsári kvennadeildarinnar var hún kjörin varaformaður og var síðan formaður deildarinnar 1937-1945 og aftur frá árinu 1950. Herdís hóf einnig störf sem starfsmaður á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness árið 1960 og sinnti því starfi í 30 ár. Hún kom því að starfi félagsins á ýmsan hátt og sýndi alltaf mikinn áhuga, baráttuvilja og framsýni. Hún hvatti konur til að taka þátt og auk almennra starfa tengdum réttindabaráttu virkjaði hún einnig sköpunargáfu félagskvenna og stuðlaði að því að starfið væri sem fjölbreyttast með ýmsu félagsstarfi.



Systurnar Herdís og Sigríður stíga dans á 70 ára afmæli Verkalýðsfélags Akraness.




Herdís Ólafsdóttir flytur ræðu 1. maí 1966.

Það var mikill metnaður í starfi kvennadeildarinnar frá upphafi, konurnar höfðu ýmsar hugmyndir um það sem betur mætti fara í samfélaginu og fundirnir voru jafnframt kærkomið tækifæri til að hitta aðrar konur utan heimilis og vinnu.

17. september 1931, aðeins tæpum 3 mánuðum eftir stofnun deildarinnar, hóf verkakvennadeildin „útgáfu“ blaðsins Verkakonnan en blaðið var handskrifað og kom eingöngu út á fundum deildarinnar en sambærileg blöð höfðu líka komið út á fundum verkamanna- og sjómannadeilda. Blað verkakvennadeildarinnar var lesið upp á fundum og innihélt meðal annars sögur og kvæði sem og ýmsar hugleiðingar varðandi starfið. Í fyrsta tölublaðinu skrifaði Sveinbjörn Oddsson þáverandi formaður grein og lýsti yfir ánægju sinni með framtakið. Á þennan hátt gátu konurnar komið á

framfæri hugleiðingum sínum í rituðu máli og var jafnframt í boði að skrifa undir nafnleynd ef þess var óskað.

Þann 6. febrúar 1937 var stofnaður sérstakur málfundaflokkur kvennadeildarinnar og voru þeir fundir utan við aðra reglulega fundi deildarinnar. Í málfundaflokknum komu konurnar saman vikulega og tilgangurinn var að æfa sig í að taka til máls og ræða ýmis málefni. Sérstök verkefnisnefnd sem var breytileg milli funda sá um að velja málefni á dag-skrá og á hverjum fundi var valinn nýr fundarstjóri og ritari. Þannig þjálfuðust allar konurnar í öllum hlutverkum. Þessir fundir lýsa mikilli framsýni og sjálfsbjargarviðleitni og eru dæmi um hveru mikilvægt starf var unnið frá upphafi félagsins þótt aðstæður fólks væru ekki alltaf auðveldar.







Ráðskona Bakkabræðra var síðasta leiksýning leikflokks VLFA og var sett upp árið 1945. Hér stilla leikararnir sér upp.

Mikið félagslíf var í kringum starf Verkalýðsfélags Akraness frá upphafi og sem dæmi var bæði kóra- og leiklistarstarf innan félagsins. Tvisvar sinnum var stofnaður sérstakur kór Verkalýðsfélags Akraness, fyrst árið 1926 undir stjórn Petreu Sveinsdóttur og aftur árið 1943 undir stjórn Hans Jörgenssonar. Félagið setti upp nokkur leikrit allt fram til ársins 1946 en þá var búið að stofna Leikfélag Akraness þar sem áhugafólk um leiklist sameinaðist. Á 1. maí skemmtun sem félagið stóð fyrir árið 1945 sýndi leikflokkur félagsins leikritið Ráðskona Bakkabræðra og mun það hafa verið




síðasta leikritið sem flokkurinn sýndi sem slíkur. Varðveist hefur leikritabók þar sem handskrifuð eru leikritin Saklausi svallarinn og Ást og knattspyrna en flokkurinn setti þó upp fleiri leikrit. Leikflokkur Verkalýðsfélags Akraness starfaði lengst af undir stjórn Gústafs Ásbjörnssonar og voru leikritin þá oftast sett upp sem atriði á skemmtunum á vegum félagsins.

Skemmtanir á vegum félagsins voru einmitt margar og vel sóttar. Hver deild kaus sína skemmtinefnd og þær nefndir sameinuðust svo í að undirbúa til dæmis árhátíðir, kvöldskemmtanir, ferðir og fleira. Samkomuhúsið Bárán

var gjarnan nýtt til að halda slíka skemmtiviðburði á vegum félagsins og var þá öllu tjaldað til í skreytingum og undirbúningi. Sem dæmi var árshátíð félagsins árið 1936 haldin þann 24. október og var hún mjög fjölmenn en ágóðinn var svo nýttur til að bjóða öllum börnum í þorpinu á barna-skemmtun. Um sama leyti stóð félagið fyrir sýningum í Bíóhöllinni á kvikmyndum norsku verkalyðssamtakanna og þangað mættu rúmlega 400 manns.



21. Fundur var haldinn í sjómannaeld V. L. F. A. 28 októbr. 1935 í fundar-
num í Akbraut. Sveinbjörn Oddsson setti fundinn í fjarveru formanns og
tók fyrstur til máls. Talaði hann um hlutaskiptin á vélbátunum um skilvirðni
og korfurmar fyrir því að breyta heim og einnig um nauðsyn þess að ráðningar
færu fyrir fram en hann væri á. Síðan urðu allfjörugar fjálsar umræður um
sama efni. Eftir að G. J. form sem þá var mættur kafti boðið orðið laust
tók Sveinbjörn Oddsson aftur til máls og ræddi um það að kjósa samningarefni
þá kom tillaga frá Guðjóni Þórðarsyni um kosning samningarefndar og
um leið breitingartillaga frá Guðmundi Sveinbjörnsyni um að því yrði frestað
til næsta fundar. Var þetta Guðmundar síðan borin undir atkvæði fundar-
manna og samþykkt. Eftir það talaði Hallbjörn Oddsson og lét óánægju sína
í ljósi yfir því ósamræmi sem væri á verðlagi margrar vinnu. Um sama efni
töluðu Guðm. Þjarnarson og Sveinbjörn Oddsson sem gaf fundarmönnum upplýsingar
um áðurgengna samninga því víðvíkjandi. Þá minkist Sveinbjörn
á hið laga kaup verkamanna með tilliti til kaupgjalds í Reykjavík og viðar
lagði síðan undir fundarmenn kvort ekki skildi gengið til nýrra samninga
Ólafur Kristjánsson talaði því næst um kinnar óreglubundnu kaupgreiðslu
þá Hallbjörn um innheimtu skulda fyrir verkalyðsfélagið og erfidlekama við
þá. Sveinbjörn Oddsson vjék síðan nærar að kaupgreiðslum útgerðarmanna
þráð nauðsyn á að þessi mál kæmst í betra korf að kaupgreiðslu yrðu
tevari og að einhverju leiti tímabundnar. Vilkjálmur Ben áleit að
kaupgreiðsluspursmálið ætti fyrst og fremst að lagfærað af heim yfir

Landssíminn.	Símkeyti frá <i>Reykjavíki</i> nr. <i>1129</i> orð <i>10/9</i> þann <i>6.</i> / <i>7.</i> 19 <i>44</i> kl. <i>1 1/2</i>	Eyðublað nr. 1 a.
	<i>Vörubílsfélag Akraness</i> <i>Akraness</i>	
Meðtekið frá <i>ASÍ</i> þann <i>6.</i> / <i>7.</i> kl. <i>12 1/2</i> af <i>ny.</i>	 LANDSSÍMI ÍSLANDS	Athugasemdir símbjóna.
<i>Vörubílsstjórnadeilarn leynd afgreiðsla heimil.</i> <i>Alþjóðsamband Íslands.</i>		

Símkeyti frá ASÍ sent þann 6. júlí 1944 með upplýsingum um að vörubílsstjórnadeila sé leyst og afgreiðsla sé því heimil.

Theóbaldur Ólafsson var vararitari sjómannadeildar og hafði hann sérstaka og fallega rithönd eins og sést hér til hliðar á dæmi úr fundargerðarbók.

Námskeið á vegum félagsins

Verkalýðsfélag Akraness hefur staðið fyrir ýmsum fræðslunámskeiðum fyrir félagsmenn. Í seinni tíð hafa trúnaðarmannanámskeið verið mest áberandi en það eru námskeið á vegum Félagsmálaskóla alþýðu sem haldin eru fyrir trúnaðarmenn vinnustaða. Þau snúa að ýmsum réttindum og skyldum á vinnumarkaði og styrkja tengslin milli vinnustaða og verkalýðshreyfingarinnar. Slík námskeið urðu ekki algeng fyrr en seint á áttunda áratugnum þegar það var kveðið á um það í kjarasamningum að trúnaðarmenn mættu sækja slík námskeið í allt að viku á vinnutíma og halda launum.¹⁹

Þó að kjarasamningsbundin námskeið væru fyrst í boði þegar þarna var komið sögu hafði Verkalýðsfélag Akraness áður boðið félagsmönnum sínum upp á ýmis námskeið. Kvinnadeildin stóð fyrir matreiðslunámskeiði sem haldið var að Hliði (Suðurgötu 52) árið 1932 og sóttu það 14 ungar

Þátttakendur á matreiðslunámskeiði sem haldið var árið 1932 á vegum kvinnadeildar VLFA. Aftari röð frá vinstri: Margrét Jónsdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, Ragnhildur Ólafsdóttir, Ólöf Bjarnadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Helga Gunnarsdóttir, Halldóra Jóhannesdóttir og Sigríður Ármannsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Málfríður Þorvaldsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Halldóra Ólafsdóttir, Soffía Skúladóttir kennari, Jódís Pálsdóttir, Ragnheiður Helga Sveinbjörnsdóttir og Margrét Ásmundsdóttir.



konur en kennarinn var Soffía Skúladóttir og kom frá Reykjavík. Einnig voru á þessum tíma haldin námskeið í esperantó og íslensku sem Hálfván Sveinsson stóð fyrir og voru vel sótt sem og námskeið í reikningi sem Guðmundur Björnsson kenndi.

Haldið var sjóvinnunámskeið 1936-1937 og átti félagið þá ákveðinn búnað sem nýttur var í kennsluna og var geymdur hjá formanni félagsins, Sveinbirni Oddssyni. Námskeiðið hófst 15. október 1936 og stóð í 12 vikur en þar kenndi til verka Elías Benediktsson skipstjóri. Þátttaka var góð þar sem þrír hópar voru á námskeiðinu og 12 manns í hverjum þeirra. Meðal annars voru kenndar netabætingar, seglsaumur, hnýttir að nýju hlutar úr dragnótum, hnýtt botnvarpa á vélbát, kennt að setja saman kaðla með ýmsum aðferðum, búinn til reiði á vélbáta og kennt að þætta saman víra svo eitthvað sé nefnt. Auk þess var kennd hjálp í viðlögum og að lesa á áttavita og má því segja að námskeiðin hafi bæði veitt betri þekkingu og jafnframt aukið öryggi þátttakenda.²⁰

Sjóvinnunámskeiðið 1936-37.

<i>Ahöld sem hafi eru og geymd hjá Sofj. Oddssyni</i>		<i>Var. n.</i>
4 klæðningskjuullar	2/50	10 00
1 járn melspinn	8/50	8 50
2 meiklar		
9 Seglhanskar	1/85	16 65
10 meknálar		
17 reitar	0/38	2 55
7 kústsköft	0/30	2 10
2 alinnál	0/25	0 50
16 klemmur	0/62	0 32
1 trémeispinn	2/100	2 00

Listi yfir búnað sem félagið átti og nýttur var í kennslu á sjóvinnunámskeiði 1936-1937.



Frá trúnaðarmannanámskeiði á vegum félagsins árið 2017.



Frigg MB 68 sem flutti ferðafólkið í skemmtiferð VLFA árið 1932.

Ferðir á vegum félagsins

Orlofsfríðindi hafa lengi verið stór hluti af starfi stéttarfélaga og hefur Verkalýðsfélag Akraness ekki verið nein undantekning þar. Ekki er hægt að líkja saman þeim aðstæðum sem voru til ferðalaga á þeim tíma sem félagið var stofnað og aðstæðum í dag en á hverjum tíma fyrir sig var lagt upp með að aðstoða félagsmenn við að eiga sem ánægjulegastan orlofstíma.

Strax á upphafsárum félagsins var farið í dagsferðir sem voru vel sóttar en slíkar ferðir kröfðust mikils undirbúnings enda samgöngur ekki auðveldar. Að fara í slíka ferð var jafnframt mikil upplifun og tilbreyting fyrir verkafólkið og kærkomin hvíld frá annasömum vinnudögum.

Ein slík ferð var farin 26. júní 1932 og var Herdís Ólafsdóttir, þá 21 árs gömul, ein af þeim sem tók þátt í henni. Hún skrifaði ítarlega ferðasögu sem hún birti í tímariti kvennadeildarinnar, Verkakonunni, þann 15. nóvember 1932. Ferðasagan er skemmtilega skrifuð og er dýrmæt heimild um þá umgjörð sem var í kringum ferðalög á þessum tíma sem og starf félagsins og birtist hún hér í heild sinni.

Skemmtiferð VLFA 26. júní 1932

Það var sunnudagur. Við vorum að leggja af stað í skemmtiferð sem Verkalýðsfélag Akraness hafði efnt til og var ferðinni heitið austur að Laugarvatni. Fara átti sjóleiðina til Reykjavíkur en þaðan á bifreiðum. Kl. 5 að morgninum lögðum við af stað frá bryggjunni á Akranesi með m/b Frigg sem flutti okkur til og frá Reykjavík. Veðrið var unaðslegt, heitt loft og gláða sólskin og ofurlítill norðankaldi. Bátinum miðaði fljótt suður eftir vikinni, allir voru gladdir og reifir og hugsuðu með hressandi eftirvæntingu til dagsins og ferðarinnar. Öldurnar vöggðu okkur mjúklega en rétt á meðan við förum fyrir Hvalfjörð gaf lítið eitt á, en var það bara rétt til að minna okkur kvenfólkið á að við værum út á sænum okkar sem er sagður svo mislyndur en varla mun nú sjómönnunum hafa þótt ástæða til að hugsa út í það.

Við hoppuðum létt upp á bryggjuna í Reykjavík og gengum upp að Pósthúsinu en þar biðu bílarnir eftir okkur og innan lítillar stundar var lagt af stað, 5 drossiur og 4 kassabílar og var það alls um 100 manns. Það mun oftast fylgja bilferðum að hver og einn syngi eins og röddin leyfir og er það mjög gleðiaukandi og hefir góð áhrif á fólk enda var það ekki sparað, allir sungu hver með sínu nefi þegar komið var uppúr bænum. Það er gaman að fara yfir Hellsheiði og er þar óvanalega fallett eftir því sem gerist upp á fjöllum. Mér hefði þótt skemmtilegt að skoða mig um í Hveradölum og athuga staðinn sem hin útlendu hjón völdu sér til að setja upp fjölbreytt blómasafn og vermihús en tíminn

leyfði það ekki. Það hefir lengi verið viðurkennt hve fagurt væri að sjá af Kambabrun yfir Ölfusíð og hin mörgu fjöll sem blasa við svo sem Ingólfsfjall, Hestfjall, Heklu, Eyjafjallajökul og Eyjafjöllin og fleiri fjöll enn fjarlægari. Það hefir alltaf verið í meðvitund minni að það væri eitthvað ægilegt við Kamba og hafa fleiri sem hafa farið þá leið í fyrsta sinni hugsað hið sama og er það víst komið af því að það mun vera með fyrstu fjallaakbrautum sem lagðar hafa verið en svo margar komið síðar sem eru að mörgu leyti verri svo fólki er nú löngu hætt að þykja hræðilegt að fara yfir þá, enda reyndist mér það ástæðulaust að kvíða fyrir þeim.

Ölfusíð er blómleg sveit, þéttbýl og grösug. Þegar maður er á leið niður kambinn blasir við bær sem öllum er kunnugur úr sögunni en það er Hjalli, hann stendur þar undir heidinni heldur sunnar en vegurinn. Okkur hefir sjálfsagt mörgum komið í hug hvað skeði þar fyrir tæpum 400 árum þegar Ögmundur biskup Sveinsson var handtekinn þar hjá Ásdísi systur sinni vegna þess að hann vildi ekki láta af trú feðra sinna og fylgja hinum Lútherska sið sem þá var að ryðja sér til rúms. En Ögmundur biskup hefir sýnt okkur það með þreki sínu og staðfestu að hann er ekki einn af þeim sem selja skóðanir sínar hæstbjóðanda og trúarhetja var hann meiri en nú þekktist.

Næsti áfangastaður var Hveragerði, mjólkurbú Ölfusínga, þar er og barnaheimili Oddfellowa og berkla-veikrahæli. Margir áttu þar pantað kaffi en vegna þess að fólk var þar ekki almennt komið á fætur var farið upp að Grylu á meðan verið var að hita það og vorum við svo heppin að hún gaus rétt strax og þótti öllum

einkennilegt og gaman að sjá það. Hún er með falgri goshverum þar um slóðir og gýs alltaf á 2 tíma fresti og í hvert sinn svo hún þurrkar sig alveg. Þegar aftur var komið heim að Hveragerði var allt í lagi, kaffið orðið heitt og kökurnar komnar á borðið og þennan morgun drukkum við 9 kaffið af bestu lyst þó við værum komin austur í Árnassýslu.

Eftir skamma viðdvöl var þá lagt af stað og var næsti áfangi ákveðinn að Laugarvatni. Vegurinn liggur austur með Ingólfsfjalli og hjálpast þar allt að til að gjöra ferðalag skemmtilegt, góður og beinn vegur og falllegt umhverfi. Við veittum athygli tveimur stórum sandhólum sem eru austur með fjallinu, sá sem nær er heitir Kögunarhóll og þar segir sagan að Ingólfur Arnarson hafi heygt skip sitt með öllum útbúnaði, er þetta næsta ótrúlegt að mannlegar hendur hafi kastað upp svo umhverfismiklum sandhól. Hinn hóllinn er austar og heitir Seiðhóll. Þá förum við framhjá Þrastalundi, þar er snoturt hús svo virðist þar vera mjög skemmtilegt, annars höfðum við ekki tíma til að stansa en svo nokkru austar var staðnæmst að mjög einkennilegum stað sem heita Kerhólar og skoðuðum við þar hið margumtalaða Ker í Grímsnesinu og er það eins og kringlótt djúp skál með sandbörnum en vatn í botninum og var okkur þá sagt að það væri þjóðsögn að keríð væri botnlaust en svo núna nýlega sá ég það í blaði að búið væri að mæla dýpt vatnsins og það hefði ekki mælst nema 7-8 metra botnleysa.

Enn var haldið af stað og ekki staðnæmst fyrr en á hlaðinu á Laugarvatni og sáum við skólalúsið, minnismerki Jónasar frá Hriflu, blasa við okkur í allri

sinni dýrð. Allir flýttu sér út úr bifreiðunum og flestir fóru að hugsa til hádegisverðar. Sumt af fólkinu átti pantaðan mat þar á staðnum og fóru því inn í húsið að borða en aðrir fóru með farangur sinn út í skóg og borðuðu þar.

Þegar menn höfðu lokið snæðingi, sumir úti í iðgrænum kjarrskóginum á Laugarvatni en aðrir inni í borðstofunni í skóláhúsinu, var flestum gengið heim að húsunum því alla langaði til að skoða að innan þennan margumtalaða skóla. Var þá fararstjóri fundinn að máli og gaf hann þær upplýsingar að öllum væri leyfilegt að ganga inn og sjá húsið. Við notuðum okkur leyfið og skoðum allt sem við gátum og ég fyrir mitt leyti komst á þá skoðun að í raun og veru ætti Jónas þakkir skilið fyrir skólann því hann er mesta sveitarprýði Suðurlands. Margvíslega eyddi fólkið tímanum á meðan staðið var við á Laugarvatni og lái ég það ekki þó fólkið gleymdi sér á þessum unaðslega stað og mætti ekki alveg á mínútu þegar fara átti af stað kl. 3. Allir skiluðu sér þó og nokkru eftir áætlun voru allir bílarnir komnir af stað áleiðis til Þingvalla. Nú urðum við að sjá á bak góða veginum og frá Laugarvatni yfir Lyngdalsheiði til Þingvalla er mjög slæmur vegur.

Á svonefndum Laugarvatnsvöllum var keyrt dálítið út af veginum og staðnæmst hjá helli einum nokkuð stórum og fórum við og skoðuðum hann. Sagði fararstjóri okkur frá því að fyrir 10 árum hefðu búið þar hjón í hellinum og um hávetur fæddi konan þar barn og voru hjónin bara tvö ein en þegar fjölgað var fór maðurinn ofanað Laugarvatni að fá einhverja hjálpen á meðan var konan alein í hellinum með nýsfætt

barnið og sjálf vitanlega fárveik. Haldið þið að við unga kvenfólkið vildum leika það eftir? Enn var haldið áfram og er vegurinn mjög slæmur út fyrir Hrafnagjá en alltaf er dimmast undir döggunina og úr því fór hann heldur að lagast.

Við komum að Þingvöllum þessum söguríka kæra stað okkar allra sannra Íslendinga. Við förum út úr bilunum á hliðinu í Valhöll og förum inn í veitingasalinn þar sem við höfðum pantað kaffi. Eftir litla bið var það borið fram í feiknastórum hvítum bollum með blárrí rönd og á einum stað var prentað til prýðis: Valhöll, Þingvellir. En fannst mér það óþarfi að merkja bollana því fáa mundi víst fjýsa að eiga þá en það var samt hressandi að drekka kaffið því það er eitt af því sem okkur er ómissandi þegar við erum í góðu skapi. Að aflokinni kaffidrykkjunni var salurinn pantaður fyrir dans og var grammófónn settur af stað og unga fólkið fór að dansa.

Ég ætla aðeins að geta þess að viðdvöl á Þingvöllum er illa varið með því að fara að dansa í rykugum veitingasal í svækju-hita en nota ekki sóskinið úti, til að athuga eitthvert fegursta og einkennilegasta landslag sem til er og hina stöðugt nýju fegurð sem mætir manni í fjölbreytni þessa tignarlega staðar. Marga, sérstaklega þó gifta fólkið langaði ekki til að vera á ballinu. Við söfnuðum okkur þá í einn bíl og förum upp í Almannagjá. Þar skoðuðum við ýmsa merka staði og svo förum við að leika okkur. Þegar við vorum orðin þreytt að hlaupa og hamast varð okkur reikað yfir að brúnni á Öxará og Drekkingsrhyll, höfðum við gaman af að athuga bergið í gjábarminum því ef maður horfir lengi á það myndast

fyrir sjónum manns ýmsar hrikalegar myndir og er þar meðal annars komin sögnin um víkingaskipið sem hamrabrúnin líkist svo mjög. Á leiðinni hafði fararstjóri sagt okkur frá gjótu sem hægt væri að skríða í gegnum undir vestri barm gjárinnar. Hann bauðst nú til að sýna okkur gjótuna. Leggjum við nú af stað og klifrum upp urðir upp að berginu, sjáum við þá allt í einu hvar hann hverfur ofan í urðina og kallar hann til okkar og skorar á okkur að koma á eftir sér. Við erum nú hálfsmeyk við að láta okkur vaða þar er meira en mannhæð ofaní bergið og myrkrið en ráðum samt af að gjöra það. Við klifrum niður í gjótuna og skríðum spölkorn áfram í myrkrinu og verð ég að segja það að ég var hálfhrædd um að ég þá og þegar gengi framaf, hrapaði niður í eitthvert undarlegt djúp þar sem ekki var hægt að gjöra sér neina grein fyrir umhverfinu í þessu biksvarta myrkri. En eftir litla stund fórum við að sjá ljósskímu sem boðaði það að við værum að komast í gegnum hamarinn og út hinumegin. Þar komum við í mjóa gjá sem liggur eins og Almannagjá og vorum við því tilneydd að fara sama veg til baka eða þá að ganga upp fyrir og er það talsvert langt. Tókum við þá heldur þann kostinn að skríða aftur til baka undir hamravegg hinnar miklu gjár. Mér finnst vera einhver æfintýrabjarmi yfir þessu ferðalagi í gegnum gjótuna og það festir svo vel í minni manns mikilleik íslenskrar náttúrufergurðar.

Þegar við komum heim að Valhöll var enn verið að dansa en flesta var nú farið að langa heimleiðis því kl. var orðin um 9. Var því farið að huga til ferðar og kl. 10 voru bílarnir allir komnir af stað áleiðis til Reykjavíkur. Var nú sprett úr spori eftir hinum góða vegi og eftir

nokkurn tíma áttuðum við okkur á því að staðnæmst var hjá Elíasarbryggju og við sáum Frigg bíða tilbúna að flytja okkur yfir fjörðinn heim til þorpsins okkar og hvíldarinnar sem við vorum orðin svo mjög þurfandi fyrir eftir hið erfiða en óviðjafnanlega skemmtilega ferðalag.

Herdís Ólafsdóttir

Saga Herdísar gefur glögga innsýn í hversu mikla gleði ferðir sem þessar veittu fólki og stóð félagið reglulega fyrir sam-bærilegum dagsferðum. Auk þess var fljótlega farið að huga að því að bjóða upp á fleiri orlofskosti.

Á fundi stjórnarinnar þann 19. febrúar 1943 ræddi Sveinbjörn Oddsson um mikilvægi orlofs og gerð var tillaga um að trúnaðarráði yrði falið að tilnefna einn fulltrúa úr hverri deild sem myndu skipa framkvæmdastjórn orlofsmála verkafólks á Akranesi. Hlutverk þessarar stjórnar átti að vera að skipuleggja, undirbúa og stjórna orlofsferðum Akurnesinga, þar á meðal að leigja farartæki eftir þörfum. Á næsta trúnaðarráðsfundi var kosið í nefndina og voru það Sveinbjörn Oddsson (verkamannadeild), Guðmundur Bjarnason (sjómannadeild), Nikulás Oddgeirsson (vélstjóra-deild), Guðmundur Pétursson (bílstjóra-deild) og Sigríður Ólafsdóttir (verkakvænnadeild).




Úr ferð félagsins um Norðurland árið 1945, áð í Dimmuborgum.
Sveinbjörn Oddsson er neðarlega fyrir miðju með hatt.

Árið 1945 var farið í tvær hópferðir á vegum félagsins. Önnur þeirra var þriggja daga ferð um Suðurlandsundirlendið þar sem þátttakendur voru 22 talsins og hin var 5 daga ferð um Norðurland þar sem 37 tóku þátt og mæltust þessar ferðir mjög vel fyrir. Í kjölfarið var farið að huga að því að festa kaup á lóð þar sem félagið gæti reist orlofshús en vegna fjárskorts varð ekkert af því. Um svipað leyti keypti félagið um 15 tjöld og 30 svefnpoka sem félagsmenn gátu leigt sér til ferðalaga.

Árið 1965 fékk Alþýðusambandið afhenta orlofshúsa-byggðina í Ölfusborgum og í kjölfarið eignaðist Verkalýðsfélag Akraness eitt af þeim húsum. Orlofshúsið í Ölfusborgum varð strax vinsælt meðal félagsmanna og vinsældir þess hafa ekkert dvínað tæpum 60 árum síðar þótt orlofshúsakostir félagsins séu orðnir mun fleiri. Lengi vel voru Ölfusborgir eina orlofshús félagsins og þurfti að skila inn umsóknum að vori sem voru síðan metnar, meðal annars með tilliti til þess hvort viðkomandi hefði áður fengið að dvelja í húsinu.

Árið 1974 var farin hringferð um landið. Jónína Katrín Bjarnadóttir skrifaði ferðasögu úr þeirri ferð sem birtist í 50 ára afmælisriti félagsins. Á þessum tíma var Skúli Þórðarson formaður félagsins en hann hafði veg og vanda af skipulagningu og var jafnframt fararstjóri í ferðinni en leiðsögumaður var Ari Gislason sem hafði mikla reynslu af slíkum störfum. Lagt var af stað í ferðina 16. júlí og komið heim þann 25. júlí. Ferðin heppnaðist vel og margir merkilegir staðir skoðaðir en gíst var víða um landið og farið í bíltúra út frá næturstöðum. Þannig gafst tækifæri til að fara til Húsavíkur, skoða Ásbyrgi, keyra um Austfirðina og njóta hvers staðar. Eftir viku ferðalag var komið að Höfn í Hornafirði og gíst þar en í framhaldinu lá leiðin í Þjóðgarðinn í Skaftafelli. Í ferðasögu sinni minnst Jónína sérstaklega á það að Skúli formaður, sem var mjög hávaxinn maður, hafi borið

höfuð og herðar yfir hópinn allan tímann en í Skaftafelli ræddi hann við Þjóðgarðsvörðinn Ólaf Guðmundsson og sá var svo hávaxinn að Skúli þurfti að horfa upp til hans sem þótti merkilegt. Í ferðinni var mikið ort og eru til fjölmargar vísur sem fjalla um þessa ánægjulegu ferðadaga.²¹ Ári síðar var farið í tæplega 2 vikna Vestfjarðaferð á vegum félagsins.



Á meðfylgjandi auglýsingu frá 11. apríl 1975 sést að félagsmenn þurftu að fara að huga að því að sækja um dvöl í Ölfusborgum en einnig er auglýst fyrirhuguð ferð um Vestfirði. Eins og sjá má voru þetta engar dagsferðir á þessum tíma heldur reiknað með 12 daga ferðalagi.

20. Jæja nú ég Söllu svík
og síni engan dafa
ef að ég í Atlavík
ætla mér að sofa.
21. Afar ~~me~~ vel ég Ara skyl
aki hann á vegi
Hengifoss ég hafa vil
helst á hverjum degi.
22. Allir finna öldurótið
og ekki þegir leiðin greið
einhvern tíma yfir fljótið
áæt snót á skjóta reið.
23. Valdi hefur verri grillur
þó vel hann stilli sínum bokkum
Ari vildi verjast villu,
var hann því í frillusokkum.
24. Ef ég Söllu sendi grín
svöl er kólgustrokan
þi komdu elskan mín
ofan í volgan pokann.
25. Hér er alltaf einhver urð
og það fjöllin sanna
venjulega verður þurð
af völdum Skagamanna.
26. Ari hallast enn að stílnum
með ákaflega glaða lund
ef að væri þar í bílnum
byggji ég þar góða stund.
27. Sigga Einars afmæli á
ennþá treinist máttur,
ef hún væri yngra að sjá
yrði þyngrí sláttur.
28. Þó á mér svipurinn sýnist oft súr
samt mun það geymast í minni
Ég þakk ykkur öllum þann indæla túr
sem á enda er að verða að sinni.
29. Ég auglýsingu á ljóðinn legg
þar ljómará mikla tölu
úrvals saltkjöt áæt egg
og ekta reið til sölu.
30. Þó að Skúli sýnist sver
sést ei bílnum hraka,
Fagridalur fagur er
fyrir þá sem vaka.
31. Og svo eru nokkrar úr ýmsum áttum.
Ari út á Forvög fór
fjarska klár að þata og þezáa
En árans rútan allt of stór
ekki komst á leiðarenda.
32. Um Borgarfjarðar byggðir frísar
brosandi við ökun senn
sjáum grasi grónar hlíðar
og gefulega sveitamenn.
33. Á leið upp Oddskarö:
Mjög er treyst á mótur glæð
mitt í þungum þýnum
Er dalalæðan læðist að
leið með brandi sínum.
34. Slétt und faldi slæðunnar
slíkt ég fljótlega skyldi
Að bjarga lífi læðunnar
laginn Jóí vildi.
35. Áfram höldum næsta nett
nú það veldur þínum
Er að oss vefur þokan þétt
þvölum armi sínum. Uni:
36. Í dag hef ekki suma séð
sjálfsagt eftir vonum
því andlitið ~~me~~ var ekki með
37. Ég þakk ykkur öllum þann indæla túr
sem á enda er að verða að sinni.
37. Ef þú ~~þú~~ okkur gefist tóm
í ótal búðum skoða og kaupa
Ari á nýjum ættar skóm
í Örafum hoppa og hlaupa.

Skáldagyðjan var með í för þegar haldið
var í hringferð á vegum Verkalýðsfélags
Akraness árið 1974. Margir tugir vísna
urðu til sem sýna að ýmislegt hefur
gengið á í ferðinni.



Úr Vestfjarðaferð 1975.
Grettir Ásmundur Hákonarson og
Skúli Þórðarson eru þeir sem sjást
reyna krafta sína hér.

Seinna breyttust ferðalög á vegum Verkalýðsfélags Akra-
ness og hafa þau undanfarna áratugi miðast við að bjóða eldri
félagsmönnum í dagsferðir. Þær ferðir hafa verið vinsælar og
eru mikilvægur hluti af starfi félagsins.



















Furulundur 8 á Akureyri um 1980. Í húsinu á Verkalýðsfélag Akraness þrjár íbúðir en Akureyri er alltaf vinsæll áfangastaður meðal félagsmanna.

Orlofshúsið í Ölfusborgum sem lengi vel var eina orlofshús félagsins er nú eitt af ellefu orlofshúsum þess og auk þess á félagið þrjár íbúðir við Furulundur 8 á Akureyri. Orlofshúsin eru auk Ölfusborga: Í Hraunborgum, Kjós, við Glym í Hvalfirði, tvö í Svínadal (Bláskógar 12 og Efstiás 11) og fimm í Húsafelli (Ásendi 9, Ásendi 10, Birkihlíð 6, Birkihlíð 11 og Hraunbrekkur 2). Allir þessir orlofskostir eru vel nýttir árið um kring og komast alltaf færri að en vilja yfir sumartímann.

Orlofssjóður félagsins býður félagsmönnum einnig upp á afslátt af Veidikortinu, Útilegukortinu, gjafabréfum á Íslandshótel og gjafabréfum í flug með Icelandair og PLAY. Lengi var hægt að kaupa ferðir í Herjólf með afslætti og á meðan gjaldskylda var í Hvalfjarðargöngin voru seldir stakir miðar á skrifstofu félagsins. Það hefur því ávallt verið markmið félagsins að aðstoða félagsmenn við að eiga sem ánægjulegastan orlofstíma en eins og sjá má á sögunni breytast áherslur eftir því hvað við á hverju sinni.



Orlofshúsabyggðin í Ölfusborgum risin og fulltrúar félagsins taka út staðinn. Á myndinni eru Hreggviður Sigríksson, Einar Ögmundsson, Hálf dán Sveinsson, Sigríkur Sigríksson, Snorri Jónsson, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Dóra Erlendsdóttir, Bjarnfríður Leósdóttir, Herdís Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Guðrún Dýrriksdóttir, Linda Hreggviðsdóttir og Hannibal Valdimarsson.



Orlofshús VLFA í Hraunborgum í Grímsnesi.
Húsið er vel nýtt allan ársins hring eins og
aðrar orlofseignir félagsins.



Margir muna eflaust eftir að hafa komið
við á skrifstofunni til að kaupa miða í
Hvalfjarðargöngin.



Sífelldar endurbætur eiga sér stað á
orlofshúsunum og hér er verið að flytja nýtt
gestahús að Ásenda 9 í Húsafelli árið 2024.



Skúli í hópi samstarfsfélaga í Sementsverksmiðjunni.
Frá vinstri: Sigríkur Sigríksson, Árni Örvar Danielsson,
Kristinn Valgeir Gunnlaugsson, Skúli Þórðarson,
Eggert Stefán Sæmundsson, Kristján Leó Pálsson og
Guðmundur Ólafsson Guðmundsson.

Skúli Þórðarson var fæddur á Akranesi 14. september 1930. Hann var einungis 13 ára gamall þegar hann gekk í Verkalýðsfélag Akraness þann 18. ágúst 1944 en þá var hann að vinna við vegavinnu um sumarið. Hann fékk strax áhuga á ýmsum félagsmálum og innan við tvítugt var hann kjörinn ritari sjómannadeildarinnar en hafði þá unnið ýmsa almenna verkamannavinnu. Hann var á þessum tíma landmaður en fór svo til sjós óslitið til ársins 1957 þegar hann fór að vinna við byggingu Sementsverksmiðjunnar. Hann vann ýmis störf í verksmiðjunni eftir opnun hennar allt til ársins 1970 þegar hann gerðist starfsmaður Verkalýðsfélags Akraness og Lífeyrissjóðs Vesturlands. Eins og sjá má hafði hann fjölbreytta starfsreynslu sem nýttist í baráttunni fyrir bættum kjörum verkafólks en hann var frá upphafi starfsemi Sementsverksmiðjunnar þátttakandi í öllum sársamningum sem félagið gerði þar. Þegar Skúli gerðist starfsmaður Verkalýðsfélags Akraness hafði hann þegar verið formaður félagsins frá árinu 1966 eða í fjögur ár meðfram fullri vinnu og var það oft mjög erilsamt. Eftir 1970 gat Skúli því einbeitt sér að störfum sínum fyrir félagið og lífeyrissjóðinn og sinnti hann formennsku allt til ársins 1981 eða samtals í 15 ár. Hann stóð fyrir ýmsum ferðalögum á vegum félagsins, meðal annars hringferð um landið sem farin var árið 1974 og tókst vel. Eftir að Skúli hætti að sinna formlegum störfum fyrir Verkalýðsfélag Akraness kíkti hann oft við á skrifstofunni og fylgdist vel með baráttunni.

Bjarnfríður Leósdóttir var fædd á Másstöðum í Innri-Akraneshreppi 6. ágúst 1924, sama ár og Verkalýðsfélag Akraness var stofnað. Það má segja að hún hafi á margan hátt tengst sögu félagsins í gegnum áratugina og verið stór hluti af starfsemi þess. Hún tók fyrst þátt í verkalýðsbaráttu tengdri félaginu árið 1959 en þá vann hún ásamt öðrum konum við síldarsöltun. Í afmælisblaði félagsins árið 2004 rifjaði hún þessa atburði upp og sagði meðal annars: „Við konurnar fórum að spjalla saman um kaup okkar og kjör sem við vorum engan veginn sáttar við – og okkur hitnaði svo í hamsi að ákveðið var að hefja ekki vinnu nema með því skilyrði að við okkur yrði gerður samningur.“ Þarna sést vel sá baráttuandi sem Bjarnfríður bjó yfir og átti eftir að nýttast vel á komandi áratugum í starfi hennar fyrir félagið. Í kjölfar óánægju kvennanna með laun sín fóru þær Bjarnfríður og Herdís Ólafsdóttir, formaður kvennadeildar Verkalýðsfélags Akraness, til fundar við atvinnurekendur til að semja. Þetta var einnig upphafið að farsælu samstarfi Bjarnfríðar og Herdísar sem unnu lengi saman að ýmsum málefnum á vegum félagsins.

Bjarnfríður gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Verkalýðsfélag Akraness og leysti hún þau vel af hendi. Hún var fyrst kjörin í aðalstjórn félagsins árið 1960 og sinnti þá starfi varagjaldkera. Hún lagði einnig mikið af mörkum til baráttu kvennadeildarinnar en þar var hún fyrst kjörin í stjórn árið 1966.

Eftir að formlegu starfi Bjarnfríðar lauk fyrir félagið var hún þó hvergi nærri hætt að taka þátt í starfsemi þess og mæta á viðburði. Hún lét sig aldrei vanta í kröfugönguna 1. maí og jafnframt mætti hún alltaf í árlega ferð sem félagið býður eldri félagsmönnum sínum í og naut þess vel að ferðast um landið í góðra vina hópi.



Nokkrir heiðursfélagar VLFA samankomnir á 80 ára afmæli félagsins 2004. Frá vinstri: Garðar Halldórsson, Herdís Ólafsdóttir, Bjarnfríður Leósdóttir, Skúli Þórðarson og Sigrún Clausen.



Pása hjá HB & Co. Frá vinstri: Haukur Hjartarson, Vilhelmina Sigríður Elíasdóttir, Agnar Jónsson, fyrrum formaður VLFA, Guðrún Fjóla Guðbjarnadóttir, Ársæll Eyleifsson og Málfríður Sigurðardóttir.



Starfsfólk þvottahúss Sjúkrahúss Akraness. Frá vinstri: Jónína Ragnheiður Guðjónsdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Sigurborg Jakobsdóttir, Ásta Ólöf Einarsdóttir Vestmann, Ólöf Sigríður Magnúsdóttir og Anna Eyjólfsdóttir.



Hvalstöðin í Hvalfirði 1948.

*Síldarsöltun við
Steinsvör um 1935.*



Í beitningaskúr.



*Niðursuðuverksmiðja
HB & Co. 1957.*



Uppskipun úr Höfrungi III AK 250 á Siglufirði
1966. Bjarni Lúðvíksson og Einar Marius
Kjartansson.



Við vinnu í netagerð á áttunda áratugnum. Bjarni Gústafsson,
Loftur Sigvaldason, Sigurður Daniélfsson, Janus Bragi
Sigurbjörnsson og Pétur Georgsson.



Loðnuveiðar á Haraldi AK 10, Jón Geir Guðnason.

Starfsmenn niðursuðuverksmiðju
HB & Co. í kaffipásu árið 1968.



Löndun á karfa,
Vikingur AK 100.

1. maí skemmtun á Akranesi.

Verkalýðsfélag Akraness gengst fyrir hátíðahöldum 1. maí, eins og undanfarin ár. Verður haldin fjölbreytt skemmtun í Báruhúsinu á Akranesi eftir komu Fagraness úr Reykjavík.


Til skemmtunar verður: Erindi, próf. Guðbrandur Jónsson. Einsöngur: Einar Markan. Upplestur, Samúel Guðmundsson og Theódór Einarsson. Þá verður sýndur gamanleikur, og eru leikendurnir úr Verkalýðsfélaginu. Loks verður danzað.

1. maí

Á fjórða áratugnum fór Verkalýðsfélag Akraness að standa fyrir skemmtunum í tilefni af 1. maí og var mikið lagt í þær. Gjarnan voru fengnir ýmsir skemmtikraftar til að koma fram og meðlimir í félaginu sáu einnig um atriði eins og leiksýningar og kórsöng. Í auglýsingu frá árinu 1939 má sjá að slík skemmtun hefur allavega verið haldin einhver ár á undan og samkvæmt auglýsingunni var um metnaðarfulla dagskrá að ræða.

Sem dæmi má taka árið 1941 þegar haldin var hefðbundin 1. maí skemmtun á vegum félagsins og að ýmsu þurfti að huga. Ýmsir skemmtikraftar voru fengnir til að koma og má þar nefna Einar Markan söngvara og píanóleikarann Robert Abraham. Báruhúsið var tekið á leigu, ráðin hljómsveit og leikritið Ekkjustand sýnt. Aðgöngumiðar voru prentaðir sérstaklega fyrir viðburðinn og greitt var fyrir gistingu og upphald skemmtikraftanna

Fyrsta kröfugangan á 1. maí á vegum félagsins var hinsvegar ekki farin fyrr en árið 1945 og var þá hefðbundin skemmtun haldin í kjölfarið. Síðan þá hefur kröfugangan verið fastur punktur í starfi félagsins og hefur verið vel sótt af þeim sem láta sig málefni verkafólks varða á hverjum tíma fyrir sig. Á þessum degi er dýrmætt að horfa á allt sem hefur áunnist í verkalýðsbaráttunni en muna jafnframt að baráttunni lýkur aldrei og alltaf eru næg verkefni framundan.









Breytingar og sameining deilda

Eftir því sem atvinnulífið tók breytingum í gegnum árin fylgdi innra skipulag Verkalýðsfélags Akraness með og deildir þess breyttust. Bílstjóradeildin hætti störfum árið 1953 og sama ár hóf störf ný deild sem kallaðist fiskiskipsmatsveinadeild og var reglugerð fyrir hana samþykkt formlega 1954. Horft var til þess að vernda kaup og kjör matsveina en bjóða einnig upp á námskeið og fleira til að auka hæfni þeirra. Deildin starfaði ekki lengi sem sjálfstæð eining og sameinaðist öðrum deildum og með tímanum urðu fleiri breytingar þar sem deildir ýmist sameinuðust eða nýjar voru stofnaðar.

Miklar breytingar urðu á Akranesi þegar bygging Sementsverksmiðjunnar hófst á sjötta áratugnum en hún hóf svo starfsemi árið 1958. Önnur stór breyting varð þegar Járblendiverksmiðjan á Grundartanga, síðar Elkem, var tekin í notkun árið 1979 og seinna álver Norduráls árið 1997 en með

tilkomu þessara verksmiðja urðu til fjörmörg störf í stóriðju auk afleiddra starfa. Jafnt og þétt hefur störfum sem tengjast sjávarútvegi fækkað og opinberum störfum fjölgað og má því með sanni segja að atvinnuumhverfi á Akranesi sé gjörbreytt frá þeim tíma þegar félagið var stofnað. Á upphafsárum þess iðaði höfnin af lífi og flest störf voru á einhvern hátt tengd sjósókn og vinnslu sjávarafurða eða almennri verkamannavinnu. Verkamanna- og verkakvennadeild voru sameinaðar undir almennri deild og einnig voru sjómannadeild og vélstjóradeild sameinaðar. Eftir atvinnuháttum hafa deildirnar birst og horfið og á tímabili voru meðal annars starfandi sjúkrahúsdeild og fiskvinnsludeild sem svo sameinuðust öðrum deildum. Í dag samanstendur félagið af sex deildum sem eru almenn deild, sjómanna- og vélstjóradeild, stóriðjudeild, deild opinberra starfsmanna, iðnsveinadeild og matvæladeild.



*Fyrsta dæling á skeljasandi vorið 1953,
hús við Jaðarsbraut í baksýn.*

Sjómanna dagurinn

Sjómanna dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur víða um land frá árinu 1938 þó að sérstakar sjómanna dagsmessur hafi tíðkast fyrr. Dagurinn er að mörgu leyti samofinn verkalyðshreyfingunni og hefur Verkalýðsfélag Akraness tekið þátt í dagskrá sjómanna dagsins á Akranesi á ýmsan hátt.

Haldin er athöfn að morgni sjómanna dags við minnismerki um týnda sjómenn í kirkjugarðinum og lagður blóm sveigur þar. Félagið hefur heiðrað eldri sjómenn árlega allt frá árinu 1954 þar sem eina undantekningin eru árin í kringum heimsfaraldurinn þegar ekki mátti koma saman. Heiðrunin fer fram í sjómanna dagsmessu og að henni lokinni eru blóm lögð að styttni Sjómanninum sem stendur á Akratorgi.

Í gegnum árin hefur oft verið mikil skemmtidagskrá á sjómanna deginum og var þá keppt í hinum ýmsu greinum og má þar nefna kappróður, reiptog, knattspyrnu og fleira. Mikið líf og fjör var þá á hafnarsvæðinu enda var sjávarútvegur undirstaða atvinnulífs á Akranesi og því margar fjölskyldur sem héldu sjómanna daginn hátíðlegan.

Árið 1939 gaf sjómanna eild Verkalýðsfélags Akraness útskorinn skjöld eftir Ríkarð Jónsson sem farandgrip sem kom í hönd sigurliðsins í knattspyrnuleik yfirmanna og undirmanna á sjómanna deginum. Sá skjöldur hefur farið víða en er nú varðveittur á skrifstofu félagsins.





Árið 1939 gaf sjómannadeild VLFA útskorinn skjöld eftir Ríkarð Jónsson sem farandgrip sem kom í hönd sigurliðs í knattspyrnuleik yfirmanna og undirmanna á sjómannadeginum.













Framkvæmdir við Jaðarsbakkavöll.
Sigurmon Marvin Hreinsson,
Helgi Guðmundsson og
Hannes Ágúst Hjartarson.



Guðrún Hjartar við vinnu í
sútunarverksmiðju.



Við vinnu í
Akraprjóni.



Í sjóklæðagerðinni.



*Við vinnu í
Skaganum hf.*




*Skammtað í bakka í
eldhúsi Sjúkrahúss
Akraness.*

Félagsskírteini

Begar félagið var um 10 ára gamalt fengu félagsmenn formleg félagsskírteini og voru þau skírteini fengin í gegnum Alþýðusamband Íslands. Um var að ræða litla vasabók þar sem hægt var að skrá inn iðgjöld hvers og eins og skráð var í bókina hvaða félagi viðkomandi tilheyrði, hvenær hann gekk í félagið og númer félagsmannsins.

Hér má sjá eitt af fyrstu félagsskírteinunum en það tilheyrði Jörgen Hanssni frá Elínarhöfða sem seinna bjó í Merkigerði. Hann var fæddur árið 1881, var félagismaður nr. 9 og einn af stofnendum félagsins. Jörgen stundaði ungur sjómennsku á skútum en var fljótur að tileinka sér þær nýjungar sem fólust í notkun mótorbáta og keypti slíkan bát í félagi við aðra árið 1906. Báturinn var 5 tonn og gerður út frá Grundarfirði í eitt sumar. Sagði Jörgen eftir sumarið að hann hafi verið fátækari að fjármunum en ríkari af margvíslegri reynslu sem getur ekki síður verið dýrmætt.²² Þessa reynslu nýtti hann á ýmsan hátt og átti eftir að starfa lengi sem vélstjóri en Jörgen hafði góða þekkingu á meðferð véla. Jörgen var virkur í starfi félagsins frá upphafi og var hann til dæmis meðstjórnandi í fyrstu stjórn þess.



Jörgen Hansson átti félagsskírteini nr. 9.

Félagsskírteinin höfðu lengi vel þetta upphaflega form þó svo að smám saman bættust við ítarlegri upplýsingar um ýmislegt sem gott var fyrir félagsmenn að vita. Í skírteini **Sigrúnar Clausen** sem hún fékk árið 1975 má til dæmis finna upplýsingar um atvinnuleysistryggingar, uppsagnarfrest, veikindadaga, lífeyrissjóði, orlof og sjúkrasjóð. Þannig hefur með tímanum bæst við fróðleikur um það sem áunnist hafði. Sigrún var fædd árið 1930 og gekk í félagið 8. maí 1969 þegar hún hóf störf í frystihúsi. Hún var alla tíð mjög virk í starfi þess og var meðal annars í aðalstjórn 1972-2000 og varð fyrsti formaður fiskvinnsludeildarinnar árið 1988. Sigrún sat einnig lengi í stjórn sjúkrasjóðs, hafði umsjón með námskeiðum fyrir fiskvinnslufólk, var trúnaðarmaður á sínum vinnustað, tók þátt í að skipuleggja árleg ferðalög eldri félagsmanna og vann í afleysingum á skrifstofunni. Hún kom því víða við í starfsemi félagsins og lét sig málefni verkafólks miklu varða og þá ekki síst fiskvinnslufólks enda hafði hún mikla starfsreynslu þar.

Eftir því sem öll úrvinnsla færðist meira yfir á tölvutækt form urðu félagsskírteinin einfaldari og lengi voru þau í greiðslukortastærð þar sem fram kom nafn félagsmanns og kennitala auk deildar. Undanfarin ár hefur félagsskírteinið verið rafrænt og skrá félagsmenn sig inn á sitt heimasvæði til að framvísa skírteininu.



Sigrún Clausen flytur ræðu á 70 ára afmæli Verkalýðsfélags Akraness.



Verkalýðsfélag Akraness

Nú eru félagsskírteinin orðin rafræn.



Ásmundur Uni Guðmundsson keyrir
lyftara í Sementsverksmiðjunni.



Um borð í Haraldi
Böðvarssyni AK 12.



Starfsmenn á Bifreiðaverkstæði Akraness um 1957
fyrir framan bíl frá Póstþjónustu Reykjavíkur.



Sigursteinn Árnason,
bæjarstarfsmaður.



Starfsfólk HB & Co. í kaffi:
Hrefna Aðalsteinsdóttir, Lóa Gísladóttir og
Erna Kristjana Þorvalds Oddgeirsdóttir.


Stuðningur og styrkir

Þó að Verkalýðsfélag Akraness hafi verið stofnað til að sam-eina verkafólk í baráttu þess fyrir bættum kjörum á vinnu-markaði hafði það frá upphafi mikilvægt hlutverk í sam-félaginu þegar eitthvað bjátaði á. Þótt ekki væru til sérstakar reglugerðir eða lög yfir styrki og sjúkradagpeninga eins og er í dag var reynt að styðja við þá sem urðu fyrir veikindum eða missi eins og mögulegt var á hverjum tíma fyrir sig. Þetta sést til dæmis í fundargerðum og í bókhaldi frá fyrstu árum félagsins þar sem reynt er að leggja lið með því að styrkja konur sem misst hafa fyrirvinnu sína eða styrkja menn sem af einhverjum ástæðum urðu óvinnufærir. Strax árið 1928 var á stjórnarfundi borin upp sú tillaga við sjómenn að taka til hliðar hálf prósents af afla og leggja í sjóð sem safnað væri í handa þeim sem yrðu fyrir heilsutjóni. Undirtektir voru góðar þótt einhverjir væru á því að hver ætti að sjá um sjálfan sig og það væri ekki á ábyrgð allra ef einhver slasast. Á þessum tíma var félagið ungt og því eðlilegt að fólk væri ennþá að venjast því að ef til vill kæmi sér betur að vera hluti af stærri heild þegar kæmi að þessu eins og öðru.

Í október 1937 hélt aðalstjórn félagsins fund þar sem meðal annars var talað um alvarlegt slys sem varð þegar brotsjór reið yfir hafnargarðinn 29. september það ár en þar drukknuðu tveir drengir. Slysið átti sér stað í miðjum verkfallsátökum og fjölmörg vitni urðu að því. Á fundinum var samþykkt að gangast fyrir fjársöfnun meðal félagsfólks í samúðarskyni og til styrktar eftirlifendum þeirra sem drukknuðu. Á þessum tíma var fjárhagsstaða félagsins ekki þannig að hægt hafi verið að veita beina styrki nema með þessum hætti en í staðinn var samtakamátturinn nýttur til að sýna samhug í erfiðum aðstæðum.

Þegar sjúkrasjóður félagsins hafði formlega tekið til starfa þurfti stjórnin sérstaklega að fara yfir hverja umsókn sem barst enda var þá aðeins um að ræða greiðslur vegna vinnutaps vegna veikinda eða slysa.

Sjúkrasjóðurinn hefur vaxið og dafnað jafnt og þétt og auk sjúkradagpeninga vegna veikinda eða slysa geta félagsmenn nú sótt um fjölda styrkja.



Liina á bogörum Linnveidurum og mótorbátum og óska eftir vvari frá V.L.F. fyrir næsta ári mót svo það mætti taka það til yfir vrigunar á næsta Alþingi. fyrir spurn kom frá þessum hvar sjóm. þakki ekki mjök að leggja til hálf prósents af afla í sjóð til að styrkja menn sem yrðu fyrir heilsu tjóni og ekki gáfu aunnid spe lifi braud og fjekk það heldur góðar undirtektir þó sumir hjeldu frammi að hver ætti að bjarga sjálfum sér. aðrir að það væri ekki nógu viðtak.


Úr fundargerð félagsins frá 27. október 1928 þar sem rætt var um að safna í sjóð til að styrkja menn sem yrðu fyrir heilsutjóni.

Á skrifstofu félagsins









Ómar Davíðsson, endurskoðandi félagsins, fer yfir ársreikninginn.



Sigmundur Lýðsson og Jóhann Þór Sigurðsson hafa verið skoðunarmenn reikninga VLFA í rúmlega 20 ár.



Stjórn Verkalýðsfélags Akraness 2024.

Efsta röð frá vinstri:

Katrín Ósk Sigurdórsdóttir, Bjarni Ólafsson, Allan Freyr Vilhjálmsson, Jón Vilhelm Ákason, Guðmundur Rúnar Davíðsson, Júlíus Pétur Ingólfsson, Hafþór Pálsson, Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir.

Miðröð frá vinstri:

Ingibjörg Helga Rögnvaldsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir og Sigurást Perla Hróarsdóttir.

Fremsta röð frá vinstri:

Bryndís Ólóf Guðjónsdóttir, Jónína Herdís Sigurðardóttir, Guðrún Linda Helgadóttir og Vilhjálmur Birgisson formaður.

Á myndina vantar Leikni Sigurbjörnsson og Hafstein Þórisson.

Myndaskrá

– Ljósmyndir af Ljósmyndasafni Akraness

- Bls. 8. Horft yfir bæinn. Ljós. Guðjón Bjarnason.
- Bls. 9. Ungmennafélag Akraness í skrudgöngu 1924. Ljós. Peter J. Sørå.
- Bls. 12-13. Á Breiðinni um 1925. Ljós. Árni Böðvarsson.
- Bls. 16. Hraungerði við Melteig. Ljós. óþekktur.
- Bls. 17. Skipsfélagar á mb. Einari þveræring 1924. Ljós. Árni Böðvarsson.
- Bls. 18. Við verslunar- og vörugemysluhús BOCO. Ljós. óþekktur.
- Bls. 20-21. Fiskþurrkun. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 22. Akbraut. Ljós. óþekktur.
- Bls. 23. Vesturgata 61 1943. Ljós. Bjarni Árnason.
- Bls. 25. Akranes. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 27. Kirkjubraut 40. Ljós. Jóhannes Gunnarsson.
- Bls. 27. Kirkjubraut 40 í byggingu. Ljós. óþekktur.
- Bls. 30. Sjómannadagurinn 1967. Ljós. Axel Sveinbjörnsson.
- Bls. 31. Saltfiskþurrkun á Breiðinni. Ljós. óþekktur.
- Bls. 32. Arnóra Oddsdóttir. Ljós. Bjarni Árnason.
- Bls. 32. Fiskvinnslufólk á Kampinum 1933. Ljós. Þorsteinn Jóseppson.
- Bls. 33. Kvennadeild. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 34. Áhöfn á vélbatnum Ægi 1936. Ljós. óþekktur.
- Bls. 36. Sigtryggur Bjarnason að stála hníf. Ljós. Helgi Danielsson.
- Bls. 37. Árni Árnason og Bjarni Árnason. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 37. Aflaskipið Sigurfari 1940. Ljós. óþekktur.
- Bls. 38. Beitningarbalar á vörubíspalli. Ljós. Bjarni Árnason.
- Bls. 38. Vinna við farartæki. Ljós. Jóhannes Gunnarsson.
- Bls. 39. Verkamenn í Vélsmiðjunni Loga. Ljós. óþekktur.
- Bls. 39. Eldhúsvinna á Sjúkrahúsi Akraness. Ljós. Helgi Danielsson.
- Bls. 39. Götusóparar 1955. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 40. Starfsstúlkur Hótel Akraness. Ljós. óþekktur.
- Bls. 40. Lilja og Nanna í fiskvinnslu. Ljós. Bjarni Árnason.
- Bls. 40. Kristín Magnúsdóttir breiðir saltfisk á stakstæði. Ljós. Þorsteinn Jóseppson.
- Bls. 41. Sláturhús KSB 1960. Ljós. Ólafur Árnason.

- Bls. 41. Þórarinn Guðjónsson. Ljós. Árni S. Árnason.
- Bls. 41. Sildarsóltun hjá Sigurði Hallbjarnarsyni. Ljós. Rafn Sigurðsson.
- Bls. 42. Skúli flytur ræðu. Ljós. óþekktur.
- Bls. 44. Lúðrasveit. Ljós. óþekktur.
- Bls. 45. Fundur verkalyðsfélaga. Ljós. óþekktur.
- Bls. 46. Stofnendur heiðraðir. Ljós. óþekktur.
- Bls. 49. Stjórn VLFA 1949. Ljós. Árni Böðvarsson.
- Bls. 50. 1. maí 1966. Ljós. Helgi Danielsson.
- Bls. 52. Ráðskona Bakkabræðra 1945. Ljós. óþekktur.
- Bls. 56. Matreiðslunámskeið 1956. Ljós. Árni Böðvarsson.
- Bls. 58. Frigg við bryggju. Ljós. Jóhannes Gunnarsson.
- Bls. 62. Á ferðalagi á Norðurlandi 1945. Ljós. Bjarni Árnason.
- Bls. 65. Ferð um Vestfirði 1975. Ljós. Jóhannes Gunnarsson.
- Bls. 76. Starfsmenn Sementsverksmiðjunnar. Ljós. Jóhannes Gunnarsson.
- Bls. 77. 80 ára afmæli VLFA 2004. Ljós. Eiríkur Kristófersson.
- Bls. 78. Pása hjá HB & Co. Ljós. Bjarni Árnason.
- Bls. 78. Starfsfólk þvottahúss Sjúkrahúss Akraness. Ljós. óþekktur.
- Bls. 78. Hvalstöðin í Hvalfirði 1948. Ljós. Sverrir Sigurðsson.
- Bls. 79. Sildarsóltun við Steinsvör. Ljós. Haraldur Böðvarsson.
- Bls. 79. Í beitningaskúr. Ljós. Friðbjófur Helgason.
- Bls. 79. Niðursuðuverksmiðja HB & Co. 1957. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 80. Uppskípun úr Höfrungi III. Ljós. óþekktur.
- Bls. 80. Við vinnu í netagerð. Ljós. Þórólfur Ágústsson.
- Bls. 80. Loðnuveiðar. Ljós. óþekktur.
- Bls. 81. Niðursuðuverksmiðja 1968. Ljós. óþekktur.
- Bls. 81. Löndun á karfa. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 87. Dæling á skeljasandi 1953. Ljós. Jóhannes Gunnarsson.
- Bls. 88. Sjómannadagurinn 1983. Ljós. óþekktur.
- Bls. 89. Sjómannadagurinn. Ljós. óþekktur.
- Bls. 92. Sjómannadagurinn 1988. Ljós. óþekktur.
- Bls. 93. Sjómannadagurinn, Guðmundur M. Jónsson. Ljós. óþekktur.
- Bls. 94. Framkvæmdir við Jaðarsbakkavöll. Ljós. óþekktur.

- Bls. 94. Í sítunarverksmiðju. Ljós. Ólafur Árnason.
- Bls. 94. Akraprjón. Ljós. Árni S. Árnason.
- Bls. 95. Sjóklæðagerðin. Ljós. Friðbjófur Helgason.
- Bls. 95. Skaginn. Ljós. Magnús Þór Hafsteinsson.
- Bls. 95. Starfsfólk eldhúss Sjúkrahúss Akraness 2002. Ljós. Friðbjófur Helgason.
- Bls. 98. Ásmundur Uni. Ljós. óþekktur.
- Bls. 99. Bifreiðaverkstæði Akraness. Ljós. Jóhannes Gunnarsson.
- Bls. 99. Sigursteinn Árnason. Ljós. Dúi J. Landmark.
- Bls. 99. Starfsfólk HB & Co. í kaffi. Ljós. óþekktur.

Aðrar ljósmyndir eru úr safni félagsins.

Tilvísanir í heimildir

- 1 Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi*.
2 Lögberg 20. maí 1926, bls. 4.
3 Morgunblaðið 11. september 1924, bls. 2.
4 Alþýðublaðið 11. október 1924, bls. 2.
5 Vinnan 21. árg. 9-12. tölublað 1. nóvember 1964, bls. 13.
6 Alþýðublaðið 11. nóvember 1924, bls. 1.
7 Morgunblaðið 16. maí 1953, bls. 10.
8 Morgunblaðið 17. september 1924, bls. 2.
9 Ásmundur Ólafsson. Á slóðum Akurnesinga 2022, bls. 105.
10 Heima er bezt Nr. 3, 1. mars 1964, bls. 96.
11 Vinnan 21. árg. 9-12. tölublað 1. nóvember 1964, bls. 12.
12 Árróðinn 30. nóvember 1935, bls. 7.
13 Akranes 30. apríl 1949, bls. 42.
14 Bæjarblaðið 19. desember 1951, bls. 1.
15 Árbók Akurnesinga 2007, bls. 129.
16 Morgunblaðið 19. október 1980, bls. 78.
17 Alþýðublaðið 27. nóvember 1970, bls. 8.
18 50 ára afmælisrit Verkalýðsfélags Akraness, bls. 53
19 Þjóðviljinn 28. október 1977, bls. 1
20 Alþýðublaðið 12. febrúar 1937, bls. 3.
21 50 ára afmælisrit Verkalýðsfélags Akraness, bls. 15-17.
22 Akranes 1943, 3-4 tölublað, bls. 26

